



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Beint frá hjartanu
Að geta tjáð sig með skilningi og tilfinningu

Puríður Haraldsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2024

Beint frá hjartanu

Að geta tjáð sig með skilningi og tilfinningu

Þuríður Haraldsdóttir

12 eininga lokaverkefni í kennarafræði á grunnskólakjörsviði
sem er hluti af
Baccalaureus Educationis-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukennari Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent

Kennaradeild/kennarafræði
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, desembermánuður 2024

Titill: Beint frá hjartanu: Að geta tjáð sig með skilningi og tilfinningu
Stuttur titill: Að geta tjáð sig með skilningi og tilfinningu
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Educationis -prófi í
félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2024 Þuríður Haraldsdóttir
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Þuríður Haraldsdóttir, 2024, bakkalárprófsverkefni, Kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið,
Háskólinn á Akureyri, 28 bls.

Akureyri, desembermánuður, 2024

Ágrip

Eftirfarandi verkefni er lokaritgerð til B.Ed. gráðu í kennarafræði, grunnskólakjörsviði, frá Háskólanum á Akureyri. Lokaafurðin er gagnreynd kennsluáætlun auk fylgiskjala til að þjálfa 7. bekk fyrir þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni. Sagt er frá tilurð Stóru upplestrarkeppninnar og hver markmið hennar eru. Þá er sjónum beint að nógildandi aðalnámskrá, 2011/2013, auk endurskoðaðra greinaviðmiða frá 2024 með tilliti til hæfniviðmiða um upplestur í 7. bekk.

Í ritgerðinni er skoðað hvað þarf til að verða góður upplesari og helstu lestrarkennsluaðferðir kynntar. Lestur almennt er skoðaður t.d. munurinn á raddlestri og upplestri og greinarmerki eru útskýrð. Komið er inná mikilvægi góðrar framkomu og hvaða áhrif framkoma, öndun og tilfinningar geta haft á röddina. Einnig er fjallað um rannsóknir bæði innlendar og erlendar þar sem fram koma vísbendingar um að upplestur sem kennsluaðferð gefi góða raun varðandi aukið sjálfstraust, betri lesskilning, aukinn orðaforða og bætta framburð. Að lokum er sagt frá hvernig höfundur hefur hagað kennslu í undirbúningi fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

Lykilorð: Stóra upplestrarkeppnin, lestur, upplestur, þjálfun, kennsluaðferðir, kennsluáætlun.

Abstract

The following project is a final thesis for a B.Ed. degree in teacher education, compulsory education elective, from the University of Akureyri. The final product is an evidence-based lesson plan and supporting documents to train 7th graders for participation in the Great Reading Competition. The genesis of the Great Reading Competition is described and its goals are outlined. The focus is then on the current National Curriculum, 2011/2013, as well as the revised subject standards from 2024 with regard to the competency standards for reading in 7th grade.

The thesis examines what it takes to become a good reader and introduces the main reading teaching methods. Reading in general is examined, for example, the difference between reading aloud and recitation, and punctuation is explained. The importance of good manners is discussed and what effects demeanor, breathing, and emotions can have to the voice. It also discusses research, both domestic and international, that provides evidence that reading as a teaching method is effective in increasing self-confidence, better reading comprehension, increased vocabulary, and improved pronunciation. Finally, it describes how the author has organized teaching in preparation for the Great Reading Competition.

Keywords: Great Reading Competition, reading, recitation, training, teaching methods, lesson plan.

Ritgerðin er tileinkuð ömmu minni, Arnbjörgu Halldórsdóttur (1922-2011) hennar draumur er nú minn veruleiki.

Þakkir fær starfsfólk Grunnskóla Reyðarfjarðar fyrir hvatninguna og að hafa endalausa trú á mér í gegnum árin. Þakkir fá einnig nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar, þið hafið kennt mér meira en ég nokkurn tímann ykkur.

Efnisyfirlit

| | |
|------------------------------------------------------------------|-----------|
| ÁGRIP | IV |
| ABSTRACT | V |
| EFNISYFIRLIT | IX |
| INNGANGUR | 1 |
| 1 STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN | 3 |
| 1.1 MARKMIÐ STÓRU UPPLESTRARKEPPNINNAR | 4 |
| 2 AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA..... | 5 |
| 2.1 TJÁNING EN EKKI UPPLESTUR..... | 5 |
| 2.2 ENDURSKOÐUN GREINAVIÐMIÐA AÐALNÁMSKRÁR GRUNNSKÓLA 2024 | 8 |
| <i>TAFLA 1</i> | 8 |
| <i>TAFLA 2</i> | 10 |
| 3 LESTUR..... | 12 |
| 3.1 RADDLESTUR - UPPLESTUR | 12 |
| 3.2 HLIÓÐKERFISVITUND | 15 |
| 3.3 UMSKRÁNINGARFERLI; HRAÐI - ÖRYGGI - SJÁLFVIRKNI | 16 |
| 3.4 LESTRARKENNSLUAÐFERÐIR | 16 |
| 3.4.1 HLIÓÐAÐFERÐIN | 17 |
| 3.4.2 MÁLHEILDARAÐFERÐIR | 17 |
| 3.4.3 SAMVIRKAR AÐFERÐIR..... | 17 |
| 3.5 GREINARMERKI BÆTA UPPLESTUR..... | 17 |
| 4 FRAMKOMA | 18 |
| 4.1 SJÁLFSTRAUST..... | 19 |
| 4.1.1 SJÁLFSTRAUSTS ÆFINGAR..... | 21 |
| 4.2 RÖDDIN..... | 21 |
| 4.3 UPPHITUN..... | 22 |
| 4.4 ÖNDUN | 22 |
| 5 KENNSLUAÐFERÐIR..... | 23 |
| 6 NÁMSEFNI..... | 26 |
| 6.1 ÞJÁLFUNAREFNI..... | 26 |
| LOKAORÐ..... | 28 |
| HEIMILDASKRÁ | 29 |

| | |
|----------------------------------------------------------------|-----------|
| TÖFLUSKRÁ..... | 33 |
| 7 FYLGISKJÖL..... | 34 |
| 7.1 KENNSLUÁÆTLUN | 34 |
| 7.1.1 MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR Í VETUR | 35 |
| 7.2 SJÁLFSMAT OG JAFNINGJAMAT NEMENDA | 40 |
| 7.3 SAMANTEKT Á SJÁLFSMATI OG JAFNINGJAMATI..... | 42 |
| 7.4 UPPHITUNARÆFINGAR | 43 |
| 7.5 ÖNDUNARÆFINGAR | 44 |
| 7.5.1 BLÖÐRUÖNDUN..... | 44 |
| 7.5.2 SÁPUKÚLUÖNDUN..... | 44 |
| 7.5.3 TALNINGARÖNDUN | 44 |
| 7.6 SJÁLFSTRAUSTSÆFINGAR | 45 |
| 7.6.1 MEÐ STÆL..... | 45 |
| 7.6.2 AÐ KYNNNA FÉLAGA | 45 |
| 7.6.3 HVAÐ EIGUM VIÐ SAMEIGINLEGT? | 45 |
| 7.6.4 MÓLEKÚLALEIKUR (BÝFLUGNALEIKUR) | 46 |
| 7.6.5 BÓKAKYNNING | 46 |
| 7.7 TEXTAR TIL SAMLESTRAR..... | 46 |
| 7.7.1 MÁNAÐAÞULA | 47 |
| 7.7.2 ÞORRAÞRÆLLINN 1866..... | 49 |
| 7.7.3 ORÐ..... | 51 |
| 7.7.4 EKKI STUNDA EINELTI | 52 |
| 7.7.5 KURTEISI | 53 |
| 7.7.6 VINÁTTA | 54 |
| 7.7.7 HÆVERSKA | 55 |
| 7.7.8 BLÍÐLYNDI | 55 |
| 7.7.9 FJALLGANGA..... | 56 |
| 7.8 TUNGUBRJÓTAR, ÆFINGAR | 58 |
| 7.8.1 TUNGUBRJÓTUR 1 | 58 |
| 7.8.2 TUNGUBRJÓTUR 2 | 59 |
| 7.8.3 TUNGUBRJÓTUR 3 | 59 |
| 7.9 GREINARMERKIN VEGGSPJALD | 60 |
| 7.10 ÝMIS GÓÐ RÁÐ TIL AÐ MUNA EFTIR | 61 |
| 7.10.1 MIKILVÆG ATRIÐI FYRIR UPPLESARA | 61 |
| 7.10.2 TALVENJUR..... | 62 |
| 7.11 MATSBLAÐ DÓMARA Á BEKKJARKEPPNI..... | 63 |
| 7.11.1 MINNISPUNKTAR FYRIR DÓMARA..... | 64 |
| 7.12 KYNNINGARBRÉF TIL FORELDRA..... | 64 |
| 7.13 NOKKUR ORÐ FLUTT Í UPPHAFI BEKKJARKEPPNI VORIÐ 2024 | 67 |

Inngangur

Með vinnu minni í grunnskóla síðustu 17 árin hef ég séð betur og betur hve mikilvægt það er að geta tjáð sig þannig að áheyrilegt sé og það sem er ekki síður mikilvægt; að þeim sem talar líði þokkalega með að koma fram. Á þessum árum hef ég þrisvar fengið það verkefni að þjálfva nemendur í 7. bekk fyrir Stóru upplestrarkeppnina, síðast 2023-2024. Keppnin hefur farið fram á hverju ári síðan skólaveturinn 1996-1997 með þátttöku mis margra skóla.

Fyrsta skiptið sem ég þjálfaði var mjög erfitt, það var engin kennsluáætlun tiltæk frá fyrri árum og renndi ég því nokkuð blint í sjóinn með þjálfunina. Það eina sem ég hafði í höndunum var handbók Radda, samtaka um vandaðan upplestur. Eins góð og hún er til síns brúks finnst mér hún of almenn og í raun segja meira um hvernig staðið skuli að keppninni heldur en leiðbeiningar um þjálfun nemenda. Ég fór því mikið eftir því sem ég mundi frá minni æsku þegar amma var að hjálpa mér að læra ljóð og leikrit fyrir skólann. Mér fannst það efni sem til var í skólanum ekki henta nemendahópnum mínum enda voru þar nemendur sem voru með ýmsa lestrarörðugleika auk þess að vera tvítýngd, nýlega flutt til landsins eða því sem næst ólæs af mismunandi ástæðum.

Þegar ég þjálfaði næsta hóp vissi ég aðeins betur hvað ég væri að fara út í og gat gripið til þess sem ég hafði sankað að mér en þá var ég beðin um að hlaupa í skarðið og taka við því sem var komið af stað. Að sjálfsögðu var þessi hópur líka á mjög misjöfnum stað námslega og þurfti ég því að endurskipuleggja ýmislegt. Æfingaferlið sem ég hélt utan um í það skipti var t.d. mjög stutt, aðeins tveir mánuðir og því töluverð keyrsla.

Í síðasta skipti sem ég var með þjálfun gat ég byrjað strax að haustinu og unnið út frá fyrri kennsluáætlun sem gerði ráð fyrir einum tíma í viku í verkefnið. Nú var ég líka reynslunni ríkari og vissi hvað hentaði og hvað ekki. Margt var hægt að nota með litlum breytingum og gengu kennslustundirnar vel með dyggum stuðningi annarra starfsmanna inni í bekknum. Stærsta breytan við síðasta hópinn var hve vel við vorum mönnum flestar kennslustundir. Oftast vorum við þrjár en áður hafði ég verið ein, það var mikil breyting til batnaðar.

Lít ég á ritgerðina sem handbók bæði fyrir nemendur og kennara 7. bekkjar. Þó er ekkert sem mælir gegn því að nota hana í heild eða að hluta fyrir alla sem þarfnast þjálfunar í upplestri og framkomu. Ritgerðin hefst á samantekt um hvað þarf til að vera góður lesari og upplesari. Þá er samantekt á því sem ég hef viðað að mér og stuðst við í upplestrarkennslu. Að lokum er kennsluáætlun sem þegar hefur verið unnið eftir. Hún nær frá ágúst fram í miðjan mars en þá fer lokakeppnin fram.

Ég minnst þess frá eigin grunnskólagöngu hve erfitt mér þótti að koma fram og tala fyrir framan hóp eða að leika á sviði. Mér hefur samt alltaf þótt gaman að segja frá því sem mér hefur þótt áhugavert og lofa þannig öðrum að njóta með mér. Mín leið til að koma fram var að ímynda mér að það væri ekki ég persónulega sem væri í aðstæðunum heldur einhver annar. Ég fór sem sagt í hlutverk og æfði alla texta eins og leikrit, það sem ég þekkti kom mér síður á óvart og ég varð öruggari. Þessar æfingar fóru nær undantekningarlaust fram í eldhúsinu hjá afa og ömmu og var amma dugleg að benda á hvað betur mætti fara í talhraða, áherslum og raddbeitingu. Ég vil einnig meina að Þingeysk lungu og Norðlenskur framburður hafi hjálpað til. Þessi aðferð hefur gefist mér vel og hef ég miðlað henni til minna nemenda.

Í kennaranáminu í Háskólanum á Akureyri tók ég áfangann Tjáning, túlkun og raddbeiting þar sem Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir tal- og raddmeinafræðingur var einn kennaranna. Fyrirlestrar hennar og umræða opnuðu augu mín fyrir því hve mikilvægt er að beita röddinni rétt og hve oft þarf að gera lítið til að forðast mikinn skaða. En til að forðast áföll þarf að átta sig á vandanum.

Í ljósi þess að tilfinningar hafa áhrif á rödd okkar verða hér einnig æfingar til að þjálfra framkomu almennt og styrkja þar með sjálfstraust nemenda. Það er mín reynsla að sá sem hefur betra sjálfstraust treystir sér frekar til að tala fyrir framan hóp af fólki og nýta rödd sína til fulls.

1 Stóra upplestrarkeppnin

Veturinn 1996-1997 fór fram keppni í 7. bekk í grunnskólum í Hafnarfirði og Álftanesi. Framtakið vakti mikla athygli og nokkrum árum síðar voru allir 7. bekkir á landinu með í verkefninu sem sett hefur jákvætt mark á skólastarf landsins allar götur síðan. Þar var á ferðinni Stóra upplestrarkeppnin sem sett var á fót fyrir tilstuðlan undirbúningsnefndar um landskeppni í upplestri. Nefndin samanstóð af fulltrúum frá ýmsum samtökum sem létu sig málið varða; Heimili og skóla, Íslenskri málnefnd, Íslenska lestrarfélaginu, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambandi Ísland og Samtökum móðurmálskennara. Þessi samtök hafa verið með allan tímann, 2003 bættust Rithöfundasamband Ísland og Samtök forstöðumanna á bókasöfnum í hópinn. Þessi hópur stofnaði síðan *Raddir, samtök um vandaðan upplestur og frásögn* (hér eftir nefnt *Raddir*) vorið 2004 þar sem öll félögin voru með nema Íslenska lestrarfélagið sem var ekki lengur starfandi (Baldur Sigurðsson, 2006, bls. 3). *Raddir* sáu um alla framkvæmd keppinnar út skólaárið 2021. Skólaárið 2021-2022 var fyrsta árið sem sveitarfélögin sáu sjálf um keppnina. Hafnarfjörður hefur verið heimabær Stóru upplestrarkeppninnar frá upphafi og er allt efni sem gefið hefur verið út á vegum *Radda* aðgengilegt fyrir áhugasama á vefnum upplestur.hafnarfjordur.is. Þar er t.d. handbókin um hvernig staðið skuli að keppninni, bæklingur til foreldra, lestrarhefti hvers árs ásamt fleiru (Hafnarfjordur.is, 2021).

Baldur Sigurðsson og Þórður Helgason eiga heiðurinn af stofnun *Radda* ásamt Ingibjörgu Einarsdóttur þáverandi formanni Samtaka móðurmálskennara (Baldur Sigurðsson, 2007; Ingibjörg Einarsdóttir, 2010, bls. 46). Þeir höfðu samband við öll samtökin sem síðar stóðu að stofnun *Radda* vegna þess að þeim þótti flutningur á töluðu máli ekki fá þann sess sem því bæri. Þeir töldu að mögulega mætti bæta úr því með því að efna til keppni hjá ungum nemendum sem lærðu þá góðan flutning og vonandi viðhéldu honum (Baldur Sigurðsson, 2007).

Það kom mér töluvert á óvart hve nafn Ingibjargar Einarsdóttur kemur sjaldan fyrir í þeim greinum og fréttum sem ég las til að afla mér upplýsinga um Stóru upplestrarkeppnina. Hún hefur þó verið andlit keppinnar öll árin, flutt fyrirlestra og farið ófáar ferðir út á land til að halda námskeið og miðla efni til þeirra kennara sem taka að sér þjálfun. Sem einlægur aðdáandi keppinnar frá upphafi gladdi það mig að sjá nafn hennar á lista yfir þá sem hlutu

riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag 2013 „fyrir framlag til eflingar á lestrarhæfni grunnskólanema“ (Forsetinn, 2013). Árið 2021 veittu Heimili og skóli Foreldraverðlaun sín í 26. skipti, Stóru upplestrarkeppninni hlotnaðist sá heiður en keppnin varð 25 ára það ár. Við sama tækifæri var Ingibjörg útnefnd Dugnaðarforkur samtakanna (Gunnþóra Gunnarsdóttir, 2021, bls. 38). Ég hef óljósa tilfinningu fyrir því að almenningur meti og virði störf hennar meira en fræðasamfélagið.

1.1 Markmið Stóru upplestrarkeppninnar

Markmið keppninnar hefur frá upphafi verið að fá starfsfólk skóla til að sýna vönduðum upplestri og framburði meiri áhuga og gefa þeim verkfæri til að fá alla nemendur í heilum árgangi til að taka þátt. Þrátt fyrir að keppnin sé orðin tæplega þrítug hafa kjörorðin ekkert breyst; að vanda flutning og framburð íslensks máls, læra að njóta flutningsins sjálfum sér og öðrum til ánægju og síðast en ekki síst að bera virðingu fyrir móðurmálinu, sjálfum sér og öðrum. Verkefnið skiptist í tvo hluta, ræktunarhluta þar sem þjálfunin fer fram og hátíðarhluta. Ræktunarhlutinn er það tímabil sem nemandinn er í þjálfun, ræktar framburðinn. Hann hefst 16. nóvember á degi íslenskrar tungu og lýkur í lok febrúar þegar keppt er innan bekkjarins. Hátíðarhlutinn er tvískiptur, annars vegar keppnin innan árgangsins þar sem tveir til þrír eru valdir ásamt varamönnum, allt eftir því hvað árgangurinn er fjölmennur. Hins vegar þegar fulltrúar skólanna í hverju sveitarfélagi keppa sín á milli á lokahátíð (Baldur Sigurðsson, 2006, bls. 6-7). Við þjálfun nemenda er nauðsynlegt að gefa þeim tækifæri til að lesa sama textann oft. Því er mikilvægt að vera í góðu samstarfi við heimilin. Í skólanum fær nemandinn kennslu í réttum framburði þar með talið hrynjanda, hvar áherslur eru í orði og hvenær er eðlilegt að atkvæði falli niður en það verður líka að æfa sig heima. Nemendum er leiðbeint við að lesa textabrot úr sögu og einnig ljóð. Ýmist að eigin vali eða eftir ákveðið ljóðskáld. Þá þarf einnig að hafa auga með að nemendur verði ekki of hátíðlegir og oftúlki textann sinn. Ekkert er því til fyrirstöðu að þeir nemendur sem standa höllum fæti í lestri taki þátt, þeir þurfa bara meiri þjálfun og vel valinn texta, hvort sem um ljóð eða sögu er að ræða. Til að öllum nemendum líði sem best með upplestrarverkefnið er rétt að þeir viti af því að þeir þurfi að taka þátt í öllu þjálfunarferli vetrarins þó svo að þeir séu ekki tilbúnir til að keppa fyrir hönd bekkjarins við aðra skóla að vori. Annað getur valdið óróleika í bekknum (Baldur Sigurðsson, 2006, bls. 12-15).

Menntamálaráðuneytið fól skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri að vinna skýrslu um hvort keppnin stæðist yfirlýst markmið. Einnig var athugað hvort einhver hliðaráhrif væru við þátttökuna og þá hver (Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Engilbertsson, 2004, bls. 4). Mikill meirihluti, eða yfir helmingur skólanna sem svöruðu spurningalistanum, sögðu að búið væri að binda það í skólastefnu eða áætlun skólans að taka þátt í keppninni (Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Engilbertsson, 2004, bls. 24). Þegar kom að því að nefna hvers vegna skólarnir tækju þátt svöruðu 98% að það væri vegna þess að það bætti framburð og upplestur, sem er eitt yfirlýstra markmiða keppinnar. Ekki síður athyglisvert er að sjá að 96% töldu að það myndi efla sjálfstraust nemenda og 92% töldu það bæta lestrarfærni (Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Engilbertsson, 2004, bls. 26). Nokkrar aðrar ástæður voru nefndar sem ástæða fyrir þátttöku en voru ekki fyrirframgefnar á spurningalistanum. Má þar nefna að auka áhuga á lestri, þjálfun í framkomu og tækifæri til að hitta jafnaldra utan skóla (Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Engilbertsson, 2004, bls. 27).

Þó að orðið keppni komi fyrir í titlinum skulum við ekki gleyma að nemendur eru fyrst og fremst að keppa við sjálfa sig og sigra sjálfa sig. Þeir þjálfu sig í framkomu og upplestri sem er mörgum hverjum erfitt en ná að skila góðu verki að þjálfun lokinni. Það er hinn eiginlegi sigur.

2 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla er það sem kennarar hafa í höndunum til að meta nemendur eftir. Þar eru sett hæfniviðmið og matsviðmið, það er síðan í höndum kennara sjálfra að útfæra kennsluna. Hér er samanburður á gildandi aðalnámskrá og drögum að endurskoðun greinaviðmiða.

2.1 Tjáning en ekki upplestur

Aðalnámskrá (2013) gerir ráð fyrir því að nemendur geti tjáð sig um hin ýmsu málefni sem varða bæði leik og starf. Hæfniviðmið eru sett fram svo að betur sé hægt að fylgjast með því sem nemandinn kann og getur. Hér verður sjónum eingöngu beint að hæfniviðmiðum fyrir 7. bekk þar sem sá bekkur tekur þátt í upplestrarkeppninni. Allar námsgreinar koma því að á einn

eða annan hátt að munnleg tjáning sé mikilvæg. Stærstu matsþættirnir eru í lykilhæfni, íslensku, erlendum tungumálum og list- og verkgreinum (leiklist). Jafnframt er nemendum ætlað að geta sagt frá, rætt um, nefnt dæmi um, rökrætt, tjáð sig munnlega og flutt kynningar á því efni sem þeir eru að fjalla um hverju sinni í náttúrugreinum, íþróttum, samfélagsfræði og stærðfræði (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 169, 171, 184, 199, 211, 213). Munnleg tjáning er þó langt í frá að vera það sama og að lesa upphátt og upplestur er svo enn annað þó að sum atriði séu sameiginleg eins og t.d. sjálfstraust.

Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að nemendur fái þjálfun og leiðsögn í tjáningu og framsögn; þar með talið framburði en erfitt er að finna að þar sé átt við upplestur sérstaklega (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 98).

Lykilhæfni er skilgreind í öllum námsgreinum frá 1. bekk, það er gert til að hafa góða yfirsýn yfir almennan þroska nemandans skólagönguna á enda. Þættir sem eru lagðir til grundvallar eru t.d. hæfni til tjáningar og gagnrýnnar hugsunar, geta til samstarfs, hæfni til að þekkja sjálfan sig, geta tekið ábyrgð, sýnt sjálfstæði, skapandi hugsun og frumkvæði. Með þessu er reynt að þjálfa og búa nemendur undir það sem koma skal í lýðræðissamfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 86-87). Í skilgreindri lykilhæfni er flokkurinn tjáning og miðlun þar sem nemandi á m.a. að geta við lok 7. bekkjar:

- tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum,
- hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdarfærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
- tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælanda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,
- gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni. (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 87).

Talað mál, hlustun og áhorf eru í einum flokki í aðalnámskrá í íslensku, þessi viðmið eiga við talað mál og lestur; við lok 7. bekkjar er gert ráð fyrir að nemandi geti:

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,

- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum, (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 101).

Annar flokkur tekur til lesturs og bókmennta, þar kemur ekkert fram sem gefur tilefni til að ætla að átt sé við upplestur. Upplestur og raddlestur er ekki það sama. Í raddlestri er lesið í heyrenda hljóði en ekki er gerð krafa á túlkun textans líkt og um upplestur væri að ræða (Ingibjörg B. Frímannsdóttir, 2010, bls. 41).

Við lok 7. bekkjar er gert ráð fyrir að nemandi geti:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 102).

Í erlendum tungumálum er þess einnig krafist að nemendur geti tjáð sig í samskiptum og frásögn:

- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,
- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingahúsum og á ferðalögum,
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal,
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.,
- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 127- 128).

List- og verkgreinar eru undir sama hatti í aðalnámskránni, þar er m.a. lagt fram að nemendur geti:

Í leiklist:

- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur. (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 147).

Í tónmennt:

- beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra, notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk (Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013, bls. 150).

Á þessu má sjá að góð framsögn er mikilvæg fyrir nemendur og gott veganesti út í lífið. Það er ekki sjálfsagt að nemendur geti komið fram og talað fyrir framan aðra, hvað þá fyrir framan hóp af fólki, því er mikilvægt að þjálfra framsögn vel frá upphafi skólagöngu og styrkja þannig sjálfstraust nemenda.

2.2 Endurskoðun greinaviðmiða aðalnámskrár grunnskóla 2024

Vorið 2024 kynnti Mennta- og barnamálaráðuneytið tillögur að endurskoðuðum greinaviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla í samráðsgátt. Samráðinu er lokið og er tillagan í vinnslu. Tillögurnar koma í framhaldi af skýrslu um mat á innleiðingu aðalnámskrár frá september 2020. Ýmsir er málið varðar áttu sæti í nefndinni t.d. fulltrúar kennara og starfandi skólustjórnenda ásamt fulltrúum frá Menntavísindasviði HÍ, Kennaradeild HA, Menntamálastofnun, Mennta- og barnamálaráðuneytinu auk Sambandi íslenskra sveitarfélaga (Endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla, 2024).

Tafla 1 sýnir grófan samanburð á því sem nú er unnið eftir varðandi talað mál í íslensku og því sem verður ef breytingarnar ná fram að ganga. Tafla 2 sýnir samskonar atriði fyrir erlend tungumál.

Tafla 1

Samanburður á viðmiðum um talað mál í íslensku fyrir 7. bekk í Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 og tillögum að endurskoðuðum greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla frá 2024.

| Aðalnámskrá 2011/2013 | Tillögur að endurskoðuðum greinasviðum; | Helstu breytingar hér |
|------------------------------------------------------|------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
| talað mál, (hlustun og áhorf) lestur (og bókmenntir) | framsögn, tjáning, lesfimi og lestraraðferðir: | Nýja matið tekur betur á upplestri, lesfimi og lestraraðferðum sem ekki var innan viðmiða áður. |

| | | |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Við lok 7. bekkjar getur nemandi: | Við lok 7. bekkjar getur nemandi: | |
| - tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar, | - flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar, | Að nemendur átti sig á undirstöðuatriðum framsagnar en ekki einungis gildi hennar. M.ö.o. skilji hvað þarf að gera til að framsögn sé góð en ekki einungis hvað góð framsögn er. |
| - tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum | - gert sér grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi, | Nemendum virðist ekki lengur ætlað að fara eftir sérstökum reglum um samræður og rökræður. Aðal áherslan er á að nemendur átti sig á þekkingu sinni og geti komið sínu máli á framfæri. |
| - tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar, | | Þetta atriði er tekið út |
| - lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, | - lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt með góðri tjáningu og flæði, | Lesskilnings hlutanum er fórnað en meiri áhersla á tjáningu í lestri. Sem er mjög athyglisvert í ljósi umræðna um lesskilning síðustu ár. |

| | | |
|--|-----------------------------------------|-------------|
| | - beitt mismunandi aðferðum við lestur. | Nýtt atriði |
|--|-----------------------------------------|-------------|

Tafla 2

Samanburður á viðmiðum um talað mál í erlendum tungumálum fyrir 7. bekk í Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 og tillögum að endurskoðuðum greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla frá 2024.

| Aðalnámskrá 2011/2013 | Tillögur að endurskoðuðum greinasviðum; | Helstu breytingar hér |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| samskipti og frásögn - Við lok 7. bekkjar getur nemandi: | samskipti, tjáning, frásögn, kynning, flutningur, framsögn - Við lok 7. bekkjar getur nemandi: | |
| - bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingahúsum og á ferðalögum, | - bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur, | Almennar kurteisisvenjur eru orðnar hæfniviðmið. |
| - tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, | - beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum | Töluverð breyting. Sitt hvort atriðið sem metið er. Gamla metur orðaforða en sú nýja framburð og áherslur. |
| - flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. | - undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum, | Viðmiðið er opnara, allur flutningur einn eða með öðrum liggur undir, þarf ekki lengur að tengjast náminu sérstaklega, auk þess sem |

| | | |
|----------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra | | gert er ráð fyrir að nemandi geti staðið fyrir svörum. |
| - notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal, | | Þetta viðmið virðist tekið út. Gefur kennara og nemendum færi á að tala ekki erlenda tungumálið í kennslustundum og missa þannig af gullnu tækifæri til þjálfunar. |
| - greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv., | - flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra, | Viðmiðið er mikið opnara, ekkert tekið fram hvort hjálpargögn séu leyfð eða ekki. Gefur kennara færi á að meta það fyrir hvern nemanda. Þetta viðmið nær til fjölbreyttari nemendahóps. |
| - sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum, | - tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum, | Mun opnara og virðist fljótt á litið gera minni kröfur. |

Ekki er breyting á þeim viðmiðum sem ég legg upp með fyrir list- og verkgreinar (Endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla, 2024).

Kennsluáætlunin og matið sem verkefnið er unnið út frá miðast við aðalnámskrá 2013. Vert er að geta að netútgáfa aðalnámskrár uppfærast oftár en sú prentaða og því mikilvægt að fylgjast vel með henni.

3 Lestur

Lestur er flókið fyrirbæri þar sem huga þarf að mörgum þáttum. Hér verður ekki farið út í hinar flóknu skilgreiningar læsis heldur eingöngu fjallað um eftirfarandi þætti út frá raddlestri, þ.e. lesið upphátt. Aðalmarkmið raddlesturs er að skapa sameiginlega reynslu, til að hún verði sem ánægjulegust þurfa ákveðnir þættir; framkoma, hraði, hrynjandi og framburður að vera góðir (Ásta Karen Rafnsdóttir o.fl., 2011, bls. 4). Þó að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir mikilvægi hrynjanda og lesskilnings í upplestri þá verður hann skýr þegar við lesum orð eins og „fiskafurða“. Ef við höfum ekki skilning á orðinu „afurð“ getur það orðið „fiska-furða“ sem segir okkur ekkert frekar um hvað málið snýst. Annað dæmi er „skólager“ sem breytist í „skóla-ger“.

Í *Leið til læsis* vitnar Steinunn Torfadóttir í niðurstöður Snows, Burns og Griffins frá 1998 þar sem fram kemur að lestrarkennsla sem tekur á orðaforða, lesskilningi, hljóðavitund, hljóðrænni umskráningu og lesfimi auk ritunar var áhrifaríkasta leiðin til að fyrirbyggja og sporna við hvers konar lestrarerfiðleikum (Steinunn Torfadóttir, 2011, bls. 15).

3.1 Raddlestur - upplestur

Eins og komið hefur fram eru raddlestur og upplestur sitt hvað. Með raddlestri er átt við að lesa upphátt, með röddinni eins og orðið gefur til kynna. Þessi lestur er oftast en ekki óundirbúinn og stök aðgerð (Ingibjörg B. Frímannsdóttir 2010, bls. 41). Upplestur aftur á móti þarfnast undirbúnings. Lesarinn þarf að þekkja textann, vera búinn að lesa hann yfir nokkrum sinnum upphátt, skilja hann og geta túlkað hann fyrir áheyrendum. Viðkomandi þarf að geta beitt röddinni á mismunandi hátt eftir efni og látið raddblæ, hrynjanda og þagnir vinna með sér í að koma skilaboðunum áleiðis (Ingibjörg B. Frímannsdóttir 2007, bls. 79).

Í viðtali við Baldur Sigurðsson kemur fram að læsissérfræðingar séu sammála um að til að geta lesið vel upp þurfi lesarinn að skilja textann til hlítar enda hefur það sýnt sig að einstaklingum með góðan lesskilning gengur betur að lesa upphátt. Baldur veltir fyrir sér hvort hafi komið á undan góður lesskilningur eða góður upplestur, hugmynd hans er að með aukinni þjálfun í upplestri sé hægt að auka lesskilning (Steinunn Stefánsdóttir, 2016, bls. 15).

Ákveðnar vísbendingar virðast vera um að raddlestur og þá sérstaklega upplestur geti aukið lesskilning eins og sést í meistaraprófsritgerðum Sigurlaugar Sævarsdóttur frá 2016 og Sigureyjar Valdísar Eiríksdóttur Hjartar frá 2021. Þetta er atriði sem vert er að rannsaka nánar.

Það er því mjög athyglisvert að lesa meistaraprófsritgerð Sigurlaugar Sævarsdóttur frá 2016 en eftir hennar bestu vitund er þetta fyrsta rannsókn á Íslandi þar sem kannað er samhengi milli þjálfunar í raddlestri og lesskilnings. Sigurlaug fékk tæplega 40 nemendur í 4. bekk til liðs við sig. Bekknum var skipt í tvennt, samanburðarhóp og íhlutunarhóp (Sigurlaug Sævarsdóttir, 2016, bls. 12, 23). Hóparnir tóku sama lesskilningsprófið í upphafi. Eftir tólf vikna íhlutun var tekið annað lesskilningspróf þar sem íhlutunarhópurinn stóð sig marktækt betur. Seinna prófið var þyngra en báðir hópar tóku sama próf. Íhlutunin var fólgin í því að leiðbeina varðandi túlkun og merkingu textans auk þess að þjálfarar nemendur í að lesa með innlifun og tjáningu í von um að það yki lesskilning þeirra. Hver nemandi las einungis í eina mínútu upphátt. Textinn var valinn fyrir fram og áttu nemendur að æfa hann heima (Sigurlaug Sævarsdóttir, 2016, bls. 5, 24, 26, 40, 49).

Þó að framfarir íhlutunarhópsins væru marktækt meiri á seinna prófinu hefðu þær getað orðið mun meiri ef allir hefðu farið eftir öllum leiðbeiningunum sem lagt var upp með. Munaði þar mestu að nemendur virtust almennt ekki lesa auka textann heima heldur aðeins þær 15 mínútur sem ætlast var til almennt af öllum (Sigurlaug Sævarsdóttir, 2016, bls. 5, 32). Bæði samanburðarhópnum og íhlutunarhópnum var skipt í fjóra minni hópa eftir getu. Athyglisvert er að sjá að í seinna prófinu eru það getu minni íhlutunarhóparnir sem hækka meira og sá getu minnsti hækkar mest. Getu meiri hóparnir lækka aftur á móti. Í samanburðarhópnum lækkuðu allir hópar töluvert nema sá getu minnsti sem lækkað örlítið. Hluti af skýringunni gæti verið að þeir nemendur sem völdu sér nær eingöngu léttari bækur en geta þeirra bauð uppá sýndu litlar sem engar framfarir í seinna prófinu sem var erfiðara (Sigurlaug Sævarsdóttir, 2016, bls. 41, 42, 47).

Upplestur virðist ekki einungis hafa góð áhrif á lesskilning nemenda heldur einnig á sjálfstraust þeirra. Í meistaraprófsritgerð Sigureyjar Valdísar Eiríksdóttur Hjartar segir hún meðal annars frá rannsókn sem hún gerði í 4. bekk í grunnskóla í Reykjavík. Með rannsókninni vildi hún komast að því hvort þjálfun á upplestri nemenda í 4. bekk myndi auka lesskilning þeirra (Sigurey Valdís Eiríksdóttir Hjartar, 2021, bls. 12). Athyglisvert er að sjá að Sigurey Valdís nefnir að þetta inngrip sem þjálfunin var hafi verið mikill stuðningur fyrir nemendur með

Íslensku sem annað tungumál (Sigurey Valdís Eiríksdóttir Hjartar, 2021, bls. 44). Það kemur vel heim og saman við reynslu mína af þjálfun nemenda af erlendum uppruna. Nemandi sem var varla læs og þorði lítið að tjá sig mannaðist allur á þjálfunartímanum og las sinn texta með miklum ágætum.

Í niðurlagi rannsóknarinnar veltir Sigurey Valdís fyrir sér hvers vegna ekki sé lögð meiri áhersla á að kenna börnum strax vandaðan upplestur. Börn venjast upplestri með tilfinningu strax frá unga aldri þegar lesið er fyrir þau. En þegar þau fara sjálf að lesa er öll áhersla á hraða og nákvæmni sem verður til þess að þau sem lesa af túlkun og tilfinningu mælast illa læs (Sigurey Valdís Eiríksdóttir Hjartar, 2021, bls. 43). Ég tek heils hugar undir með Sigureyju Valdísi. Mér finnst skólasamfélagið vera á rangri leið með ofuráherslu á hraðlestur. Ef horft er til þess að lesskilningspróf koma alltaf verr og verr út með hverri mælingunni þá höfum við engu að tapa með að prófa nýjar aðferðir í læsiskennslu.

Í grein Sofyan, Wahid og Idris (2021) kemur fram að lesi kennari texta markvisst upphátt fyrir nemendur auki það sjálfstraust nemenda auk þess að bæta orðaforða, lesskilning og framburð. (Sofyan, Wahid og Idris, 2021, bls. 12). Þá heyrir nemendur réttan framburð orða sem þeir notfæra sér þegar þeir lesa textann síðar. Kennari ræðir einnig innihald textans við nemendur og gefur þeim útskýringar bæði á einstökum orðum og hugtökum en ekki síður hugsun höfundar. Þá fá nemendur tækifæri á að ræða saman sín á milli um textann. Þessi umræða eykur skilning og orðaforða sem aftur eykur færni til að lesa. Aukin færni gefur nemendum síðan aukið sjálfstraust til að lesa sjálf upphátt og taka meiri þátt í umræðum. Öruggari nemendur njóta þess að læra og bekkjarandinn verður betri (Sofyan, Wahid og Idris, 2021, bls. 12-13). Athugun var gerð á 40 nemendum í 2. bekk í skóla í Nígeríu. Bekknum var skipt í tvo hópa þar sem annar fékk íhlutun en hinn ekki, 20 nemendur voru í hvorum hópi. Íhlutunarhópurinn fékk námsefni sitt upplesið og vel útskýrt af kennara. Ekki kemur fram í hve langan tíma íhlutunin stóð. Niðurstöðurnar voru að íhlutarnemendurnir sýndu marktækt betri árangur bæði í lesskilningi og lestrarfærni auk þess að líða betur með að lesa (Sofyan, Wahid og Idris, 2021, bls. 14-17).

Önnur grein sem vakti athygli mína sýndi að háskólanemar með ensku sem annað mál áttu í mesta basli með námsefnið og flosnuðu frekar upp úr skóla. Námsefni á háskólastigi er oft á mun formlegra tungumáli en nemendur eiga að venjast auk þess að vera oft samið af fólki með ensku að móðurmál. Þessir höfundar virðast ekki hafa skilning á erfiðleikunum sem

það veldur að lesa fræðilega texta á ensku þegar hún er ekki móðurmál lesandans og orðaforðinn því ekki eins mikill og reiknað er með (Sajid og Kassim, 2019, bls. 87). Í þessari rannsókn var 60 karlkyns nemendum á aldrinum 18 – 20 ára skipt í tvo hópa. Annar hópurinn fékk kennslu með upplestri í 14 vikur þar sem lesið var fyrir þá og málin rædd jafnóðum. Tekin voru próf fyrir og eftir íhlutun (Sajid og Kassim, 2019, bls. 88). Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar gagnvart upplestri sem kennsluaðferð sem kom fram bæði í seinni prófum nemenda og í viðtölum við nemendur og kennara (Sajid og Kassim, 2019, bls. 95).

Það sem mér þótti áhugaverðast við þessa grein var að vaxandi fjöldi nemenda á Íslandi hefur íslensku sem annað mál. Þessir nemendur stefna á framhaldsnám líkt og aðrir nemendur í íslensku skólakerfi. Ég óttast því að upplifun margra þeirra verði svipuð og þessara Sádi-Arabísku nemenda (Sajid og Kassim, 2019, bls. 87). Að þeir komist nokkuð vandræðalaust í gegnum grunn- og framhaldsskóla en steyti síðan á skeri þegar þeir koma upp í háskóla þegar tungumálið verður erfiðara.

3.2 Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem mikið er notað í máli og riti þeirra sem fjalla um lestrarkennslu og lestrarfærni. Einnig kemur það fyrir í málþroskamati ýmiskonar. Þarna er átt við þekkingu viðkomandi á hljóðum málsins auk skilnings á að búta málið niður í smærri einingar sem hægt er að vinna með á margvíslegan hátt. Almennt er talið að hljóðkerfisvitund þroskist stig af stigi, hefjist um fjögurra ára aldur og sé í flestum tilfellum fullþroska þegar börn byrja að læra að lesa. Hljóðavitund er aftur á móti hæfileikinn til að greina einstök hljóð þar með talið að þekkja hljóð bókstafa, hvað þeir segja, en ekki einungis hvað þeir heita og að þekkja rím. Með auknum aldri og þroska öðlast börn hæfileika til að vinna með atkvæði, tengja saman hljóð og bæta þeim við auk þess að skipta út hljóðum. Börn þurfa að hafa þessa færni á valdi sínum áður en eiginleg lestrarkennsla hefst. Flestir leikskólar skima með Hljóm-2 sem gefur ákveðnar vísbendingar um það sem betur megi fara í hljóðkerfis- og málvitund nemenda og er unnið með það í framhaldinu. Sú vinna heldur áfram í grunnskólanum ef á þarf að halda (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 170; Um hljóðkerfisvitund, 2020).

3.3 Umskráningarferli; hraði - öryggi - sjálfvirkni

Umskráning er það ferli sem á sér stað þegar bókstöfum er breytt í rétt máhljóð, þau tengd saman til að mynda orðið og síðast en ekki síst að skilja merkingu orðsins. Þetta ferli þarf að ganga það hratt og örugglega að lesarinn geti lesið og skilið án umhugsunar. Lesari með góða umskráningarfærni getur sett alla einbeitingu í að skilja innihald textans sem lesinn er í stað þess að einbeitingin fari í að átta sig á hvort orðið sé rétt lesið (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 18, 157; Steinunn Stefánsdóttir, 2016, bls. 15). Umskráning gengur líka í hina áttina þ.e. að máhljóði sé breytt í bókstaf. Þar þarf sjálfvirknin einnig að vera til staðar svo hægt sé að einbeita sér að innihaldi textans sem ritaður er en ekki stökum orðum (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 18). Til að auka enn frekar á skilning er gott fyrir þá sem eru læsir að hlusta á vandaðan upplestur, þá getur öll orkan farið í að melta það sem hlustað er á. Málumhverfi barna skiptir líka miklu máli, en eftir því sem meira er talað og lesið fyrir þau því meiri skilning fá þau á tungumálinu (Steinunn Stefánsdóttir, 2016, bls. 15).

Þegar öllum þáttum umskráningarferlisins er fullnægt getur lesarinn einbeitt sér að því að túlka innihald textans fyrir áheyrendur. Það gerir hann með hjálp greinarmerkja, tónfalls og áherslna. Upplestur ætti að vera með tilfinningu svo að áheyrendur geti lifað sig inn í efnið og séð það fyrir sér. Ekki það eintóna suð sem mörgum er tamt (Ingibjörg B. Frímansdóttir, 2010, bls. 43; Steinunn Stefánsdóttir, 2016, bls. 16).

3.4 Lestrarkennsluaðferðir

Ekki hefur verið einhugur um hvað sé besta leiðin til að kenna lestur og sýnist sitt hverjum, bæði hér á landi sem erlendis. Bandarísk rannsókn sem framkvæmd var á tíunda áratug síðustu aldar sýndi að það er ekki hægt að segja að ein leið sé betri en önnur til að kenna lestur. Ef grunnþættir læsis eru kenndir, þ.e. stafa- og hljóðaþekking, nægjanlega vel til að nemendur nái að umskrá sjálfkrafa þá skiptir ekki öllu máli hver lestrarkennsluaðferðin er (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 29). Ekki verður farið náið út í lestrarkennsluaðferðir í þessu verki heldur aðeins tæpt á þeim þremur helstu svo að fólk átti sig örlítið á því sem við er átt. Aðal ágreiningsefnið er hvort sé vænlegra til árangurs að byrja að kenna nemendum bókstafina (eindaraðferð, e. bottom-up) einn í einu ásamt máhljóðum þeirra eða nota heildstæðan texta (málheildaraðferð, e. top-down) sem er greindur í stafi og hljóð. Þarna á

milli er samvirkaaðferðin (e. interactive approach) en þá er jöfnum höndum unnið með orðaforða, rithátt, merkingar og setningafræði (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 18-24).

3.4.1 Hljóðaaðferðin

Aðferð þar sem nemendum er kennt að lesa með því að læra hljóð eins stafs í einu og tengja síðan saman hljóð stafanna í orðinu einn af öðrum þar til orðið hljómar rétt og merkingu orðsins er náð. Síðan er fundinn texti með lengri orðum eftir því sem nemandinn nær betri tókum á aðferðinni. Einnig nefnt eindaraðferð, e. bottom-up. Talið er að vel flestir nemendur á Íslandi læri að lesa með þessari aðferð (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 19-20).

3.4.2. Málheildaraðferðir

Lestraraðferð þar sem unnið er með heildstæðan texta, e. top-down. Ekki er gert ráð fyrir að lesari þekki öll hljóð hvers orðs en nái að velja mikilvægustu hljóðin til að geta lesið orðið. Með þessari aðferð er byggt á fyrri þekkingu til að afla sér nýrrar. Nemandi byrjar á að læra merkingu orða, fer síðan í málfræði og endar á að tengja saman hljóð og stafi (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 22-23).

3.4.3. Samvirkar aðferðir

Með samvirkum aðferðum nýta lesendur sér bæði þekkingu á einstökum stöfum og hljóði þeirra en einnig heildartextanum og merkingu hans. Þannig er unnið jöfnum höndum með orðaforða, málsgreinar og tengsl stafa og hljóða (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 23-24).

3.5 Greinarmerki bæta upplestur

Nauðsynlegt er að rifja reglulega upp hver helstu greinarmerki eru og hvernig þau hjálpa upplesturum að láta texta hljóma betur, gera hann skiljanlegri bæði fyrir lesara og hlustanda. Mér hefur skilist á þeim nemendum sem ég hef kannað málið hjá, 6.-10. bekkur, að þeir séu fæstir mjög uppteknir af notkun greinarmerkja í samskiptum sína á milli þegar þeir skrifast á í skilaboðum. Einnig eru nemendur á þessum aldri minna að lesa upphátt og þeim því ekki samt að nota þau, en án greinarmerkja verður upplestur flatur og eintóna auk þess sem þagnir og

áherslur koma á röngum stöðum. Þau greinarmerki sem við vinnum mest með í upplestrinum eru:

- Punktur; þar sem röddin lækkar lítið eitt áður en gert er öndunarhlé.
- Upphrópunarmerki; þar sem orð eða málgrein fá meiri áherslu fyrir öndunarhlé.
- Spurningarmerki; þá þarf að hækka eða lækka röddina fyrir öndunarhlé eftir eðli spurningarinnar.
- Komma; þá er hægt aðeins á lestrinum og tekið örlítið öndunarhlé en setningin síðan kláruð.
- Gæsalappir; texti í gæsalöppum er leiklesinn þar sem hann er bein tilvitnun í sögupersónu. Ímyndum okkur að persónan sjálf sé að tala (Greinarmerkin hvernig hjálpa þau lestrarlaginu?, 2020).

Greinarmerkin getur verið gott að hafa sýnileg á vegg í skólastofunni og minna nemendur á að nota þau við ritunarverkefni í öllum fögum og glæða texta sinn þannig meira lífi. Í fylgiskjali 7.9 er veggspjald til útprentunar.

4 Framkoma

Það felst mikil berskjöldun í því að koma fram og er nemendum það mjög mis vel gefið. Sumir gangast upp í því að láta ljós sitt skína á meðan öðrum er það kvöl og pína. Uppskriftin er frekar einföld en framkvæmdin því erfiðari. Til að koma fram og lesa upphátt þarf aðallega tvennt; sjálfstraust og þokkalega rödd. Hvoru tveggja þarf að æfa því það er með þetta eins og annað að það gerist ekki af sjálfu sér. Með því að æfa annað atriðið styrkist hitt. Þannig verður sá sem æfir sig í að lesa upphátt smám saman betri í lestri, hvort sem er hljóð- eða raddlestri. Viðkomandi verður þá tilbúnari til að lesa upphátt og að sama skapi öruggari að koma fram. Sérstaklega þegar hann finnur að hlustendur eru ánægðir með upplesturinn. Sá sem þjálfar sjálfstraustið með ýmsum æfingum þorir frekar að koma fram, að láta rödd sína heyrast og gerir það oft. Til að upplestur hljómi vel þarf að þekkja textann sem lesinn er svo að hægt sé að túlka þær tilfinningar sem ætlunin er að miðla til áheyrenda. Með einlægni verða áherslur

eðlilegri og áheyrndur ná betri tengingu við efnið (Ingibjörg B. Frímannsdóttir, 2007, bls. 110-111).

4.1 Sjálfstraust

Gott sjálfstraust er hverjum manni mikilvægt og á það ekki síst við um börn og unglinga.

Sjálfstraust er skilgreint sem sjálfsmat, sjálfsímynd og sjálfsvirðing.

Einstaklingur með gott sjálfstraust hefur trú á sjálfum sér og eigin getu. Hann býr yfir nægjanlegu öryggi til að koma skoðunum sínum og óskum á framfæri, mynda heilbrigð tengsl og treysta öðrum. Einstaklingur með gott sjálfstraust þekkir vel sterkar og veikar hliðar sínar og kann að fara með hvort tveggja af skynsemi sjálfum sér og öðrum til gagns. Sjálfstraust einkennist af tilfinningu fyrir því að geta áorkað hlutunum og eiga velgengni og hamingju skilið. (Erla Kristjánsdóttir o.fl, 2004, bls. 43).

Sjálfsmýndin hefur gríðarleg áhrif á sjálfstraustið en þar er átt við allar þær hugmyndir sem viðkomandi hefur um sjálfan sig. Hvernig skilgreinir viðkomandi sig og aðgreinir frá öðrum t.d. líkamleg einkenni, hæfileikar, færni og félagsleg staða. Sjálfsmýndin tekur einnig til þess sem einstaklingurinn stefnir á að verða að ógleymdri spurningunni; hvernig finnst öðrum ég vera? (Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, 2012, bls. 26).

Með því að gefa nemendum tækifæri til að þjálfja sjálfstraust er verið að gefa þeim færi á að læra að þekkja tilfinningar sínar og bregðast við þeim á jákvæðan hátt. Þetta er færni sem þarf að þjálfja eins og allt annað sem á að skila árangri. Algengt er að lítið sjálfstraust verði til þess að nemendur dæmi sjálfa sig hart, geri lítið úr hæfileikum sínum, kunni ekki að taka hrósi, forðist verkefni og aðstæður eða að segja skoðun sína nema í mjög þröngum hópi af ótta við gagnrýni sem þeir taka mjög nærri sér. Þá er einnig þekkt að einstaklingar með lítið sjálfstraust séu kokhraustir og jafnvel árásargjarnir en það er afleiðing þess að vera í stöðugum samburði við aðra og halda að þeir þurfi stöðugt að sanna sig (Erla Kristjánsdóttir o.fl., 2004, bls. 45; Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, 2012, bls. 28).

Nemendur með gott sjálfstraust eiga í jákvæðari samskiptum við aðra og þora að standa með sjálfum sér jafnvel þó að þeir átti sig á að það gæti verið óvinsælt (Garðar Gíslason, 2022, bls. 7). Virðing fyrir sjálfum sér bætir sjálfstraust sem skilar sér í öllum samskiptum, viðkomandi getur tekið hrósi, samkeppni og gagnrýni með jákvæðni og jafnaðargeði (Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, 2012, bls. 27).

Samanburður við aðra nemendur getur orðið til þess að sjálfstraust veikist. Það er því mikilvægt að nemendur átti sig á að þeir ættu að stefna á að gera betur í næsta verkefni en því síðasta frekar en að vera betri en einhver ákveðinn einstaklingur. Fæstir hafa forsendur til að stjórna árangri annarra og hefur það slæm áhrif á sjálfstraustið þegar í ljós kemur að sá sem keppt var við stendur feti framar. Einstaklingur með gott sjálfstraust virðir getu annarra; kosti þeirra og árangur. Mont er ekki merki um gott sjálfstraust, heldur þvert á móti. Montinn einstaklingur er fastur í persónulegum viðmiðum í stað þess að vera verkefnamiðaður og málefnalegur. Skortur á sjálfstrausti getur orðið til þess að einstaklingur festist í endalausum samanburði við aðra (Erla Kristjánsdóttir o.fl., 2004, bls. 44-45).

Sjálfsímynd, myndin sem við gerum okkur af okkur, er undirstaða sjálfstraustsins. Hvernig sé ég mig og hvernig líður mér með það sem ég sé? Hvað get ég, hvernig bregst ég við öðru fólki eða aðstæðum, hvernig stenst ég raunhæfan samanburð við aðra? Ber ég virðingu fyrir mér, stend ég með skoðunum mínum, hirði ég um mig og umhverfi mitt? Allt þetta þarf að veða og meta raunhæft. En einnig spilar stóra rullu hvaða viðbrögð við fáum frá umhverfinu. Engin hætta er á að sjálfsímynd verði of góð vegna þess að hún einkennist af einlægni og góðum skilningi á sjálfum sér og tilfinningum sínum (Erla Kristjánsdóttir o.fl., 2004, bls. 47-49; Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, 2012, bls. 27). Með því að byggja upp jákvæða og sterka sjálfsmynd eykst vellíðan viðkomandi. Það smitar út frá sér, því sá sem líður vel er líklegri til að sýna öðrum jákvætt viðhorf og virðingu (Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, 2012, bls. 31). Þó að ég hafi ekki fundið íslenskar rannsóknir sem sýna afdráttarlaust að upplestur eflir sjálfstraust er gaman að geta vitnað í Sigureyju Valdísi. Hún tekur sérstaklega fram að þjálfunartímar hennar hafi veitt einum af nemendum svo eftirtektarverðan árangur hvað varðar sjálfsöryggi að í lok tímabilsins hafi hann blómstrað (Sigurey Valdís Eiríksdóttir Hjartar, 2021, bls. 44). Eins og kom fram hér framar völdu margir kennarar að skrá sína nemendur til þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni til að efla sjálfstraust þeirra. Það virðist hafa sannast vel á þeim nemanda sem Sigurey Valdís nefnir og á það eflaust við um fleiri. Leikarinn og Vandræðaskáldið Vilhjálmur B. Bragason (2016) skrifar á svipuðum nótum er hann vitnar í að þátttaka í keppninni á sínum tíma hafi m.a. styrkt hann í að koma fram fyrir hópi fólks, styrking sem hann hafi búið að síðan og nýtt sér við ólík verkefni. Einnig sá hann félagá sína sem áður voru óframfærni þjálfast í að koma fram og öðlast hugrekki til að tjá sig (Vilhjálmur B. Bragason, 2016, bls. 21).

4.1.1 Sjálfstrausts æfingar

Æfingar og leikir fyrir hópefli og aukið sjálfstraust fara fram í lífsleiknitímum að mestu leyti þar sem þær nýtast nemendum í öllu námi og lífinu almennt. Auk þess sem kynningar ýmiskonar í flestum námsgreinum þjálfa framkomu. Fyrir kynningar þurfa nemendur að vera meðvitaðir um hvað á að koma fram og eftir hverju þeir eru metnir. Þannig eru bæði kennarar og nemendur á sömu blaðsíðu varðandi hvert á að stefna. Farsælast er að gefa nemendum endurgjöf á meðan verkefni er í vinnslu svo að þeir hafi tækifæri til að bæta frammistöðu sína og lokaútkoman verði eins og best verður á kosið. Þá þarf kennarinn einnig að vera meðvitaður um hvað hann ætlar að gera með niðurstöðurnar, lokamatið, svo að nemendur séu örugglega að læra af verkefninu. (Nanna Kristín Christiansen, 2021, bls. 152-153). Í fylgiskjöllum 7.6 eru nokkrir leikir og æfingar sem hægt er að grípa til.

4.2 Röddin

Rödd okkar er eitthvað sem við flest lítum á sem sjálfsgöðan hlut og hugsum oftast ekki mikið um hvort og þá hvernig hljóðið verður til. Hægt er að skipta upp þeim líkamspörtum sem mynda hljóðið í þrjá megin flokka; raddfæri, hljómrými og talfæri sem er trúlega þekktasti flokkurinn. Raddfærin samanstanda af raddböndum, barkakýli, málbeini og hringbrjóski. Raddböndin sjálf eru mjúk og teygjanleg, þau strekkjast og slakna vegna vöðva sem eru í kringum barkakýlið. Þegar loft berst upp frá lungunum fer það á milli raddbandanna sem byrja að titra og mynda hljóðbylgjur. Hljóðbylgjurnar berast um hljómrýmið sem samanstendur af brjósthóli, barka, koki, munnholi, nefholi og efri hluta höfuðs. Í munnholinu móta talfærin röddina, en til þeirra teljast kjálki, tennur, tunga, kinnar, varir, mjúki gómur og úfur (Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, 2018, bls. 12). Ef einhver af þessum þáttum er ekki í lagi kemur það niður á röddinni. Ef hún hefur einu sinni orðið fyrir áfalli getur orðið erfitt að ná henni vel til baka. Margt getur orðið þess valdandi að röddin og/eða gæði hennar séu ekki eins og best verður á kosið. Raddböndin eru líklegust til að verða fyrir álagi, ertingu eða skemmdum vegna rangrar beitingar raddarinnar, aldurs, lyfjanotkunar, sjúkdóma og lélegs lofts. Þá geta röng líkams- eða höfuðstaða, tilfinningar, streita, álag og skert heyrn valdið álagi á röddina (Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, 2018, bls. 11-15).

4.3 Upphitun

Í bók Dr. Valdísar Ingibjargar Jónsdóttur *Talandinn - er hann í lagi?* tekur hún fram að upphitun sé nauðsynleg fyrir röddina ef hún á ekki að bíða skaða. Tiltekur hún nokkrar góðar upphitunaræfingar (Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, 2018, bls. 133-135). Sjá tillögur að upphitun, fylgiskjal 7.4.

Það sem hefur gefist mér best til að fá krakkana til að vera með í þjálfunarferlinu er að byrja alla tíma á upphitun. Þá er hópurinn allur saman, þau sitja í sætunum sínum og taka þátt án þess að finnast sér ógnað á einhvern hátt. Í upphituninni grettum við okkur og geiflum og teygjum á talfærunum. Þetta gefur okkur tækifæri til að hlæja saman, fíflast aðeins og hleypa út spennu. Þannig verða þau rólegri í eigin skinni.

Við lesum einnig í kór eða tveir til þrír saman valinn texta. Kórlestur getur verið heppileg aðferð til að fá nemendur til að lesa, sérstaklega ef þeir eru hlédrægir eða ekki mjög vel læsir. Þá hjálpar kórinn til við að finna réttan takt og áherslur í framburði þegar kennarinn les með þeim (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 164-165).

4.4 Öndun

Öndun hefur mikil áhrif á röddina og því mikilvægt að vera meðvitaður um hvort öndun sé grunn eða djúp. Ef lungun hafa ekki nægilegt loft verður röddin spennt og kraftlítil. Djúp öndun er einnig nefnd kviðar/maga öndun, jóga eða slökunar öndun. Hún einkennist af því að loftið fer djúpt niður í lungun á innöndun, við það leitar kviðurinn út vegna þess að þindin þrýstir innnyflunum niður. Á útöndun dregst kviðurinn aftur á móti inn. Með djúpri öndun slaknar á líkamanum sem fær einnig meira súrefni, þetta er róandi ferli sem bætir röddina. Þó að það virðist flókið að læra að anda upp á nýtt þá er það þess virði þar sem það slakar á líkamanum, bætir líkamsstöðu, framkomu og rödd sem aftur eykur sjálfstraust (Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, 2018, bls. 25-27).

Til að hægt sé að biðja börn að anda rólega til að slaka á er mikilvægt að þau átti sig á við hvað er átt og kenna þeim að slaka á. Gott er að kannast við nokkrar einfaldar æfingar til að grípa til í amstri dagsins. Í fylgiskjöllum 8.5 er að finna nokkrar slíkar.

5 Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem hér verður fjallað um eru þær sem ég hef notað með góðum árangri þau skipti sem ég hef þjálfað nemendur fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Nemendur mínir hafa ekki alltaf lent í verðlaunasæti en ég sé þau nær undantekningarlaust nota það sem þau lærðu í öðrum verkefnum næstu árin og það skiptir mig meira máli. Árgangarnir sem ég hef þjálfað hafa verið það fámennir að kennt hefur verið í einum hópi. Einn vetur var ég íslenskukennari 7. bekkjar og gat því stýrt verkefnum betur eftir eigin hentisemi. Tvisvar hef ég komið inn í einn tíma á viku sérstaklega til þjálfunar. Í annað skiptið var umsjónarkennari bekkjarins tvítyngdur og það um auka stuðning fyrir þetta verkefni í íslenskukennslunni. Ýmislegt hefur verið reynt og eins og gerist og gengur hefur gengið á ýmsu. Nemendahóparnir hafa verið mjög misjafnir og þurft mismunandi áherslur.

Ég legg upp með að ræðupúlt sé staðalbúnaður í stofunni frá fyrsta degi. Þannig venjast nemendur því að hafa það fyrir augum og kennarar annarra greina eru einnig líklegri til að nota það fyrir kynningar ef það er fyrir í stofunni. Þegar líður á veturinn er það mín upplifun að fleiri og fleiri séu tilbúnir til að standa við púltið þegar þeir kynna hin ýmsu verkefni.

Þá hafa sumir kennarar notað púltið til að ná betur til nemenda við almenna kennslu. Þeirra reynsla er að þau hlusti betur á það sem sagt er við púltið og það sé valdeflandi fyrir kennarana að standa við það.

Í æfingartímum er púltið tekið fram á gang. Ég tek nokkra nemendur út úr stofunni í hverjum tíma – einn í einu, hlusta á þá lesa textann sinn og gef þeim endurgjöf. Við höfum ekki haft tækifæri til að æfa okkur með hljóðnema þegar nemendur eru teknir fram á gang til að lesa, það yrði of truflandi. Bæði eru fleiri árgangar að nota ganginn sem kennslurými og hljóðið bærast of auðveldlega inn í nærliggjandi stofur.

Til að bregðast við því höfum við tekið laust hljóðkerfi inn í stofuna nokkrum sinnum yfir veturinn í íslenskutíma sem er ekki æfingartími. Nemendur koma þá upp og lesa eina blaðsíðu úr yndislestrarbókinni sinni, ljóð eða annað sem þeir velja til að deila með hópnum. Þennan texta hafa þeir áður lesið í hljóði nokkrum sinnum og æft sig en ekki er mælt með að nemendur frumlesi texta í ræðupúlti (Baldur Sigurðsson, 2006, bls. 16). Sá tími verður þá einnig bókakynning.

Þeir þættir sem metnir eru í upplestrarkeppninni eru líkamsstaða, samskipti við áheyrendur, raddstyrkur, blæbrigði og túlkun, tími og þagnir (lestrarhraði), framburður og notkun talfæra. Unnið er út frá matsblaðinu sem er í *Upplestrarkeppni í grunnskóla; handbók*, þar er þó ekki metin notkun talfæra en það er atriði sem þarfnast þjálfunar í flestum tilfellum og er tekið fyrir í þjálfunarferlinu.

Líkamsstaða segir til um hvernig nemandinn ber sig við ræðupúltið. Mikilvægt er að finna sig við púltið áður en lestur hefst, standa vel í báða fætur og rétta úr sér, þó ekki þannig að það virki óeðlilega. Ekki er í boði að halla sér á púltið eða halda í það, þó er í lagi að leggja hendur laust á púltið. Lítur nemandinn út fyrir að vera öruggur á sviðinu? Líkamstjáning segir áheyrenda meira en orðin sem sögð eru (Ingibjörg B. Frímansdóttir, 2007, bls. 99, 101).

Samskipti við áheyrendur segir til um þann tíma sem nemandinn gefur sér áður en lestur hefst til að horfa yfir salinn og gefa áheyrendum þannig til kynna að lesarinn er hér fyrir þá. Þá er einnig nauðsynlegt að líta upp annað slagið á meðan lesið er, í æfingarferlinu getur verið gott að merkja við þau orð þar sem lesari ætlar að líta upp og leggja þannig meiri áherslu á einstök orð.

Til að ná góðum **raddstyrk** þarf líkamsstaða og öndun að vera góð. Þá þarf að muna eftir þeim sem sitja aftast og ímynda sér að talað sé til þeirra. Almennt er talið að eðlileg samtalsrödd, mæld í 30 cm fjarlægð frá þeim sem talar, mælist í u.þ.b. 70 dB. Vert er að hafa í huga að röddin dofna með fjarlægð eins og önnur hljóð og er talið að hún mælist aðeins um 36 dB í 16 m fjarlægð (Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, 2018, bls. 36-37).

Í **blæbrigði og túlkun** kemur skilningur lesarans á því sem hann er að flytja fram. Lesarinn býður áheyrendum upp á sinn skilning á efninu og geta blæbrigðin haft mikil áhrif á það hvort áheyrendur túlka efnið á sama hátt og lesarinn eða skilja það yfir höfuð. Hér þarf að passa að lesarar fari ekki í oftúlkun, verði of hátíðlegir eða að leikrænir tilburðir beri efni og lesara ofurliði. Markmið keppinnar er að lesarar flytji efni sem hæfir aldri þeirra, stað og stund.

Einn erfiðast hlutinn við þjálfunina er **tími og þagnir** þar sem nemendur hafa lagt allt kapp á það undanfarin ár að lesa sem hraðast til að ná viðmiðum Menntamálastofnunar í *Lesferli* um lesinn orðafjölda á mínútu. Með hröðum raddlestri missir lesarinn af því að geta beitt þögnum og áherslum til að leggja áherslu á orð sín auk þess sem samband við áheyrendur fer fyrir ofan garð og neðan. Hér er tekið á þeim þætti sem oft virðist gleymast í umræðunni um hraðlestrarprófin.

En *Lesferill* mælir ekki aðeins hraða heldur ekki síður lesfimi. „Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri“ (Menntamálastofnun, e.d.). Mín upplifun er að margir kennarar virðast hafa ákveðið að taka magn umfram gæði og skilaboðin til nemenda séu að reyna að lesa sem hraðast þó að viðmiðin telja fjölda **rétt** lesinna orða á mínútu. Þá eru nemendur í 7. bekk í flestum tilfellum hættir að lesa fyrir kennara en treyst er á að þeir lesi heima og ekki endilega krafa á að það sé gert upphátt. Tilsögn í upplestri er því af mjög skorum skammti.

Framburður þarf að vera skýr og eðlilegur svo að hvert orð fái notið sín. Þá þarf að huga að sérhljóðum, samhljóðum og úrfellingarmerkjum, upplesturinn ætti að líkjast sem mest töluðu máli en ekki ritmáli. Ritmálið er sprottið af talmálinu og því eðlilegt að í upplestri sé ritmálið lagað að talmálinu en ekki öfugt (Ingibjörg B. Frímannsdóttir, 2007, bls. 67).

Náskykt framburðinum er **notkun talfæranna**. Þar ber hæst að þora að opna munninn. Án þess nær hljóðið ekki að berast, gott er að miða við að áhorfandi geti náð efninu ef hann les af vörum lesarans (Baldur Sigurðsson, 2006, bls. 18-19).

Með vaxandi fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál fjölgar þeim nemendum sem hafa ekki aðgang að íslenskumælandi aðila utan skóla til að aðstoða þá við framburð. Ég hef gripið til þess ráðs að lesa upp þá texta nemenda sem ég vil að þeir þjálfí sérstaklega, taka það upp og deila með þeim í gegnum classroom. Þannig heyra þeir réttan framburð á þeim textum sem þeim er ætlað að æfa sig á.

Síðast gerði ég þetta fyrir alla nemendur burtséð frá aðstæðum þeirra og mæltist það mjög vel fyrir. Það kom í ljós að langflestir nemendurnir nýttu sér þetta. Þetta er mín útfærsla á leiðbeinandi lestri sem bent er á í *Leið til læsis* (Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 100).

6 Námsefni

Aðalnámskráin tiltekur á margvíslegan hátt að nemendur skuli hafa hæfni í tjáningu og framkomu. Nemendur í yngri bekkjum eru margir hverjir vanir að lesa upphátt en síðan virðist draga úr þessari kröfu eftir því sem þeir eldast. Því er mikilvægt að kennarar séu vakandi fyrir því að grípa hvert tækifæri til að þjálfa nemendur í að lesa upp og koma fram. Í minni vinnu við að þjálfa 7. bekkinga til upplesturs fannst mér ekki augljóst hvað ætti að nota eða hvar ég ætti að finna það. Framboð á námsefni til slíks virðist ekki mjög fjölbreytt og hætt við að margir fái leið á því, bæði nemendur og kennarar, ef ekkert annað er notað öll árin sem nemandi er í grunnskóla. Það eina sem var vel aðgengilegt var efni á heimasíðu *Stóru upplestrarkeppninnar*, upplestur.hafnarfjordur.is, en margt af því fannst mér ekki henta mínum hópum og fór mikill tími í að leita að hentugu efni og aðlaga það. Einn og einn kafli er í íslenskubókum fyrir eldri bekki en ég ákvað að nota það ekki þar sem þau kæmu til með að nota þær bækur næstu árin. Með því að tína saman efni frá Röddum, hugmyndir frá kennurum í HA, sérstaklega TTR; tjáning, túlkun og raddbeiting, LSS; listir og sköpun í skólastarfi og LES; byrjendalestur, ásamt efni af netinu varð til sú handbók sem hér er í fylgiskjöllum.

6.1 Þjálfunarefni

Ég útbjó möppu handa hverjum og einum nemanda með eftirfarandi efni. Í hana var síðan bætt í samráði við nemendur þeim þáttum sem við töldum að kæmu sér vel fyrir viðkomandi. Þannig varð hún einstaklingsmiðuð og nýttist sem best.

- Kennsluáætlun.
- Hefti frá eldri Upplestrarkeppnum að eigin vali, finnst á <http://upplestur.hafnarfjordur.is/>
- Ýmsir textar frá kennara til samlesturs, upphitunar og liðkunar talfæra.
- Tungubrjótar, textar þar sem þarf sérstaklega að passa framburð.
- Minnispunktar fyrir upplesara.
- Minnispunktar fyrir dómara. Ég taldi rétt að hafa þessa punkta með svo að þau væru alltaf meðvituð um hvað væri verið að meta.
- Sjálfsmat og jafningjamat.

- Góð ráð fyrir lesara.

Fæstum nemendum sem ég hef haft kynni af í gegnum árin er tamt að lesa ljóð og hygg ég að það sé víða svo. Þar sem ljóðalestur er stór hluti af matinu í upplestrarkeppninni er nauðsynlegt fyrir nemendur að venjast lestri þeirra. Auk þess sem þetta tjáningar form getur opnað fyrir þeim nýjar víddir í tjáningu. Ég hef því reynt að hafa nokkrar ljóðabækur eftir fjölbreytta höfunda í kennslustofum þeirra nemenda sem ég er að kenna. Þeir geta þá gripið í þær ef þá vantar lesefni í yndislestrartímum yfir veturinn. Í grein Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur þar sem hún kannar hvaða ljóð og höfundar verða fyrir valinu í frjálsu vali í Stóru upplestrarkeppninni kemur fram að þar verða aðallega ljóð eftir löngu látna karla fyrir valinu. Allt eru þetta þekkt nöfn og þjóðskáld en ljóðin eru ekki samin með börn og ungt fólk í huga. Þá hafa margir nýir höfundar bæst við sem nemendur virðast ekki þekkja. Því tek ég undir með Önnu Þorbjörgu þar sem hún nefnir að ljóðasamkeppni um ljóð fyrir börn og ungt fólk eða fleiri þýðingar á ljóðum fyrir þennan hóp gæti gert gæfumuninn. Það er á ábyrgð kennara að ljóð séu aðgengileg fyrir nemendur alla skólagönguna til jafns við annan texta þó að ábyrgðin sé vissulega einnig forráðamanna (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2022, bls. 12-13).

Lokaorð

Hér hefur verið rakið hvaða hæfni lesari þarf til að bera svo að lestur geti átt sér stað, bæði raddlestur og upplestur. Sagt var frá Stóru upplestrarkeppninni og markmið hennar voru kynnt. Þá var aðeins litið á hver sé stefna menntamálayfirvalda um vandaðan upplestur bæði í núverandi aðalnámskrá frá 2011 og í drögum frá 2024 sem ekki eru orðin að lögum. Tel ég að þær breytingar sem lagðar eru til séu til batnaðar. Farið var yfir hvað góð framkoma og gott sjálfstraust er mikilvægt fyrir upplesara. Einnig var rakið hvaða aðferðir ég hef notað við þjálfun fyrir upplestrarkeppnina og hvernig þær hafa reynst.

Sem mikil áhugamanneskja um vandaðan upplestur hefur verið mjög lærdómsríkt að gefa sér tíma til að kanna stefnu stjórnvalda í menntamálum með áherslu á lestur og þá sérstaklega upplestur. Það sem er aðgengilegt frá stjórnvöldum er aðalnámskrá. Það er síðan lagt í hendur kennara hvernig þeir túlka aðalnámskrána og ákveða að vinna með hana í framhaldinu. Að mínu viti er það frekar frekar fátækleg stefna.

Þá var ekki síður áhugavert að bera aðalnámskrá saman við reynslu mína sem foreldri og starfsmaður grunnskóla. Á öllum þeim árum sem ég hef verið grunnskólaforeldri, frá 1997-2021, eða starfandi í grunnskóla í 17 hef ég t.d. ekki orðið vör við markvisst þjálfunarferli þar sem kenndur er túlkandi upplestur. Aðal áherslan hefur verið á að nemendur nái að lesa sem hraðast, að ná ákveðnum viðmiðum miðað við aldur. Ég geri mér fulla grein fyrir að það þarf að ná upp lágmarks leshraða til að halda hugsuninni út setninguna en mér finnst ekki rétt að fórna áheyrilegum upplestri fyrir leshraða. Það hlýtur að vera hægt að gera betur.

Þess vegna finnst mér mjög áhugaverðar þær greinar sem fjalla um upplestur sem kennsluáferð og væri áhugavert að taka þátt í þessháttar verkefni sérstaklega með tilliti til nemenda með íslensku sem annað mál.

Að lokum var þetta verkefni það spark í rassinn sem ég þurfti til að koma almennilegu skipulagi á þá pappíra og verkefni sem ég hafði sankað að mér til þjálfunar 7. bekkjar fyrir Stóru upplestrarkeppnina undanfarin ár. Það er von mín að þessi samantekt verði einhverjum innblástur við þjálfun í vönduðum upplestri.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2022). Bókagleypir, slysaskot og fiðrildi: Ljóðaval lesara á lokahátíðum Stóru upplestrarkeppninnar 2022. *Skólaþræðir*. Skólaþræðir samtök áhugafólks um skólaþróun. <https://skolathraedir.is/2022/11/21/bokagleypir-slysaskot-og-fidrildi/>

Ásta Karen Rafnsdóttir, Bára Jóhannsdóttir, Júlíana Hauksdóttir og Katrín Cýrusdóttir. (2011). *Lestur í hverfi 4*. Þróunarverkefni L 9 í borgarhluta 4. Borgaskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Klébergsskóli, Korpuskóli, Rimaskóli og Víkurskóli. https://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2019/02/lestur_hverfi4.pdf

Baldur Sigurðsson. (2006, september). *Upplestrarkeppni í grunnskóla: handbók*. Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn.

Baldur Sigurðsson. (2007). Málrækt er mannrækt; Um Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk í ljósi opinberrar stefnu í framburðarmálum. *Netla vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://vefsafn.is/is/20201017174923/https://netla.hi.is/greinar/2007/017/index.htm>

Endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla. (2024, mars 22.). <https://island.is/samradsgatt/mal/3728>

Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson, Sæmundur Hafsteinsson. (2004). *Lífsleikni – sjálfstraust, sjálfsagi, samkennd: Handbók fyrir kennara og foreldra*. Námsgagnastofnun.

Forseti Íslands. (2013, janúar). *Orðuhafaskrá*. <https://www.forseti.is/f%C3%A1lkaor%C3%B0an/orduhafaskra/>

Garðar Gíslason. (2022). *Ég og sjálfsmýndin*. Sigrún Sóley Jökulsdóttir [ritstjóri]. Menntamálastofnun.

Greinarmerkin hvernig hjálpa þau lestrarlaginu? (2020). *Læsisvefurinn*. https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/greinarmerkin_2020.pdf

Gunnþóra Gunnarsdóttir. (2021, maí, 28.). Var allt í einu með fangið fullt. *Fréttablaðið*.

<https://timarit.is/files/46263749#search=%22%C3%AD%20%C3%AD%20%C3%AD%20%C3%AD%22>

Hafnarfjörður. (2021, maí, 25.). *Stóra upplestrarkeppnin fær foreldraverðlaunin 2021*.

<https://hafnarfjordur.is/stora-upplestrarkeppnin-faer-foreldraverdlaunin-2021/>

Helgi Grímsson. (e.d.). *Hópeflileikir*.

<https://www.brekkuskoli.is/static/files/hopeflihelgigrims.pdf>

Helga Sigurmundsdóttir. (2011). Að þjálfra lesfimi. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla, handbók* (bls. 93-128). Háskóli Íslands; Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi, Menntamálastofnun

Hrafnhildur Sigurðardóttir, Unnur Arna Jónsdóttir. (2016). *Hugarfrelsi Kennsluleiðbeiningar*. NB forlag.

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir. (2012). *Verum virk: Félagsstörf, fundir og framkoma*. Námsgagnastofnun.

Ingibjörg Einarsdóttir. (2010). Stóra upplestrarkeppnin 15 ára – Litla upplestrarkeppnin lítur dagsins ljós. *Skíma, málgagn móðurmálskennara 33* (2), (bls. 46-47). Samtök móðurmálskennara. <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/11989/skima2010-2.pdf?sequence=1>

Ingibjörg Einarsdóttir. (2019). *Þjálfunarefni*. Raddir, samtök um vandaðan upplestur.

Ingibjörg B. Frímansdóttir. (2007). *Mál er að mæla, framsögn – raddbeiting - tjáning*. Mál og menning.

Ingibjörg B. Frímansdóttir. (2010). Upplestur í grunnskólum. *Skíma, málgagn móðurmálskennara 33* (2 tbl.), (bls. 41-43). Samtök móðurmálskennara.

Kristján Jónsson. (e.d.) Þorraprællinn 1866. Í Kristján J. Gunnarsson (valdi ljóðin), *Skólaljóð* (bls. 109-110). Ríkisútgáfa námsbóka.

Menntamálastofnun. (e.d.). *Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar*.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

- Nanna Kristín Christiansen. (2021). *Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig, hvað?* Höfundur.
- Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Engilbertsson. (2004). *Stóra upplestrarkeppnin skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið*. Háskólinn á Akureyri skólaþróunarsvið kennaradeildar.
<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/upplestur.pdf>
- Rósa Eggertsdóttir. (2019). *Hið ljúfa læsi; Handbók um læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema*. Höfundur.
- Sajid, M. K. og M., Kassim, H. (2019, maí). The Effects of Reading Aloud Strategies on Text Level Difficulties, Reading Proficiency and Reading Comprehension Skill. *International Journal of Language Education and Applied Linguistics*.
https://www.researchgate.net/publication/333748344_The_Effects_of_Reading_Aloud_Strategies_on_Text_Level_Difficulties_Reading_Proficiency_and_Reading_Comprehension_Skill
- Sigurey Valdís Eiríksdóttir Hjartar. (2021). *Ég skil það sem ég get sagt öðrum*. [Meistaraprófsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.
<https://skemman.is/bitstream/1946/40074/1/Sigurey%20Vald%3%ADs%20Eir%3%ADk%3%B3ttir%20Hjartar.%20M.%20Ed%20-Lokaskil.pdf>
- Sigurlaug Sævarsdóttir. (2016). *Lesskilningur og vandaður upplestur – Njótum þess að lesa*. [Meistaraprófsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.
<https://skemman.is/bitstream/1946/26250/1/Lesskilningur%20og%20vanda%c3%b0ur%20upplestur.%20Nj%c3%b3tum%20%c3%beess%20a%c3%b0%20lesa..pdf>
- Sofyan, N., HJ Wahid, J., & Idris, N. (2021). The Effectiveness of Reading Aloud Strategy in Concerning Students' Reading Skills. *Jo-ELT (Journal of English Language Teaching) Fakultas Pendidikan Bahasa & Seni Prodi Pendidikan Bahasa Inggris IKIP*, 8(1), 11-18.
 doi:<https://doi.org/10.33394/joelt.v8i1.3564>
- Steinunn Stefánsdóttir. (2016). Lesskilningur er lykill að lífsgæðum. *Skólavarðan*, 16. árgangur (2. tbl.), (bls. 14-16). Kennarasamband Íslands.

- Steinunn Torfadóttir. (2011). Hvers vegna eiga sum börn erfitt með að læra að lesa? Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla, handbók* (bls. 15-22). Háskóli Íslands; Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi, Menntamálastofnun
- Stóra upplestrarkeppnin. (e.d.). *Forsíða*. <http://upplestur.hafnarfjordur.is/>
- Stóra upplestrarkeppnin. (e.d.). *Leiðbeiningar og fræðsla, útgefið efni*. <http://upplestur.hafnarfjordur.is/leidbeiningar-og-fraedsla/utgefid-efni/>
- Stóra upplestrarkeppnin. (e.d.). *Leiðbeiningar og fræðsla, Matsblað fyrir dómara*. <http://upplestur.hafnarfjordur.is/media/eydublod/matsblada5.pdf>
- Stóra upplestrarkeppnin. (2007). *Leiðbeiningar og fræðsla, Minnisblað fyrir dómnefnd*. <http://upplestur.hafnarfjordur.is/media/eydublod/domarar2007.pdf>
- Tómas Guðmundsson. (e.d). Fjallganga. Í Kristján J. Gunnarsson (valdi ljóðin), *Skólaljóð* (bls. 227-229). Ríkisútgáfa námsbóka.
- Um hljóðkerfisvitund. (2020). *Læsisvefurinn*. https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/fors_laesis_hljodkerfisvitund_2020.pdf
- Valdís Ingibjörg Jónsdóttir. (2018). *Talandinn – er hann í lagi? Vísindi á mannamáli*. Bókaútgáfan Hólar.
- Vilhjálmur B. Bragason. (2016). , bls. 21). Að lesa sjálfan sig. *Skíma*, 39 (bls. 20-21). Samtök móðurmálskennara.

Töfluskrá

Tafla 1 Samanburður á viðmiðum um talað mál í íslensku fyrir 7. bekk í Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 og tillögum að endurskoðuðum greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla frá 2024.

Tafla 2 Samanburður á viðmiðum um talað mál í erlendum tungumálum fyrir 7. bekk í Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 og tillögum að endurskoðuðum greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla frá 2024.

7 Fylgiskjöl

Hér er að finna flest þau verkefni sem ég hef notað við þjálfun á einhverjum tímamarki ásamt nýjustu útgáfu af kennsluáætluninni, aðlagða að þeim hópi sem ég þjálfaði síðast.

7.1 Kennsluáætlun

Kennsluáætlunin gerir ráð fyrir 27 kennslustundum, þ.e. einni kennslustund á viku frá ágúst fram í miðjan mars en þá er gert ráð fyrir að lokahátíð sveitarfélagsins fari fram.

Í lok febrúar er gert ráð fyrir að keppnin innan bekkjarins fari fram og aðal- og varamenn valdir. Eftir það er gert ráð fyrir tveimur kennslustundum þar sem eingöngu eru æfingar með aðal- og varamönnum.

Allir nemendur bekkjarins eru þjálfaðir í að koma fram og lesa mismunandi texta, standa við ræðupúlt og tala í hljóðnema.

Ef einhver vill ekki taka þátt í lokakeppninni á milli skólanna er það frjálst val en allir taka þátt í þjálfunarferlinu og keppa innan bekkjarins. Ef sá nemandi sem valinn er til að keppa fyrir hönd skólans hefur ekki áhuga á því þá fellur hann sjálfkrafa út og sá sem var næstur í röðinni kemur í hans stað. Ef enginn nemandi vill keppa fyrir hönd skólans verður það að vera svo þar sem ég tel að það þjóni engum tilgangi að senda fólk til keppni sem hefur engan áhuga á því. Í einstaka tilfellum les nemandi eingöngu fyrir dómarana og þjálfarann ef hann treystir sér alls ekki til að taka þátt í bekkjarkeppninni.

Ljóðin sem valin eru til samlesturs í kennsluáætluninni eru viðmið, en ekkert mælir á móti því að breyta til þar sem fleiri ljóð eru í fylgiskjölum heldur en koma fram í kennsluáætluninni. Auk þess sem fjöldi ljóðabóka finnst í hverju skólabókasafni og kennarar geta því skipt úr eftir hentugleikum.

Í æfingartímum vinna nemendur að íslenskuverkefnum sem tilheyra námsefni 7. bekkjar. Innlögn hefur farið fram á öðrum tíma og nemendur ættu því að geta unnið nokkuð sjálfstætt og hjálpast að við að leysa verkefni á meðan einn og einn er tekinn fram til að lesa upphátt og fá endurgjöf.

7.1.1 Mikilvægar dagsetningar í vetur

Dagsetningarnar eru aðallega til viðmiðunar svo að þessi atriði gleymist ekki í dagsins önn.

Ágúst Segja frá Stóru upplestrarkeppninni í foreldraviðtölum að hausti.

13. sept. Fá staðfestingu hjá stjórnendum um að skólinn ætli að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni í vor og skrá skólann til leiks. Ef skólinn ætlar ekki að taka þátt þá fer þjálfun fram eigi að síður og verður eingöngu innan bekkjarins.

20. sept. Senda kynningarbækling heim.

Okt. Uppákoma á sal í tengslum við Daga myrkurs á Austurlandi.

16. nóv. Dagur íslenskrar tungu, uppákoma á sal.

10. feb. Vera búin að finna þrjá dómara sem hafa ekki tengingu við keppendur og geta dæmt keppnina. Starfsmenn skólans eða aðrir sem treysta sér í verkefnið og hafa ekki hagsmuna að gæta.

17. feb. Þjóða foreldrum að koma og fylgjast með keppninni.

Gert er ráð fyrir að keppnin innan bekkjarins fari fram í lok febrúar í tvöfaldri kennslustund sem hentar bæði 6. og 7. bekk. Hefð er fyrir að 6. bekkur séu gestir á keppninni innan bekkjarins svo að þau sjái hvað bíður þeirra næsta vetur. Þarna gefst kennurum þeirra einnig gott tækifæri til að meta eitt af hæfniviðmiðum íslenskurar; *að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteis* (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101).

| Kennslustund | Dagsetning | Atriði | Verkefni | Annað |
|--------------|------------|------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1 | Ágúst | - Liðkun | liðkun -blað í möppu | Stóra upplestrarkeppnin kynnt fyrir nemendum, saga og tilgangur. Kennslufyrirkomulag kynnt. |
| 2 | September | - Liðka talfærin - Raða nemendum niður á texta - Velja ljóð úr heftinu | liðkun -blað í möppu | Útbúa möppu með þjálfunarefni, eina á mann, einnig til aðstoðarfólks í bekknum. Velja lituð blöð fyrir þau sem það kjósa, gæti þurft að skrifa upp textann fyrir einstaka nemendur ef þarf að breyta lettri. |
| 3 | September | - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Orð</i> | Póstur sendur heim til að minna foreldra á þeirra hlutverk. Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sinn texta í heftinu við púlt upphátt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 4 | September | - Liðka talfærin - Velja ljóð úr ljóðabókum - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Tungubrotsæfing</i> | Velja lituð blöð fyrir þá sem það kjósa, gæti þurft að skrifa upp textann fyrir einstaka nemendur ef þarf að breyta lettri. |
| 5 | September | - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Orð</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sinn texta í heftinu við púlt upphátt fyrir kennara, fá endurgjöf. |

| | | | | |
|----|----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 6 | Október | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Lestur á textanum við púlt í bekknum | liðkun -blað í möppu | Nemendur gefa hvert öðru jafningjamat út frá matsblaði |
| 7 | Október | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Kurteisi</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sitt ljóð í heftinu við púlt upphátt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 8 | Október | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur - Vinna í texta vegna Daga myrkurs | liðkun -blað í möppu <i>Vínátta</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sinn texta fyrir Daga myrkurs við púlt upphátt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 9 | Október | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur - Vinna í texta vegna Dags íslenskrar tungu | liðkun -blað í möppu <i>Mánaðarpula</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sinn texta fyrir Daga myrkurs við púlt upphátt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 10 | Október | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur - Uppákoma á sal | liðkun -blað í möppu <i>Tungubrotsæfing</i> | Dagar myrkurs á Austurlandi |
| 11 | Nóvember | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Æfing á sal með ræðupúlti og hljóðnema, (skemill?) | liðkun -blað í möppu | Fyrir uppákomu á sal vegna Dags íslenskrar tungu 16. Nóv. |
| 12 | Nóvember | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur - Uppákoma á sal | liðkun -blað í möppu <i>Tungubrotsæfing</i> | Dagur íslenskrar tungu 16. nóv. Stóra upplestrarkeppnin og Jónas Hallgrímsson kynnt fyrir samkomunni. |

| | | | | |
|----|----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 13 | Nóvember | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur - Umræðutími | liðkun -blað í möppu <i>Tungubrotsæfing</i> | Hvernig fannst þeim að koma fram, sjálfsmat <ul style="list-style-type: none"> - Hvað gekk vel? (tvær stjórnur) - Hvað þarf að bæta? (ein ósk). |
| 14 | Nóvember | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Ekki stunda einelti</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa ljóð að eigin vali upphátt við púlt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 15 | Desember | Æfa jólaleikrit | liðkun -blað í möppu | Fá endurgjöf starfsmanna. |
| 16 | Desember | Æfa jólaleikrit | liðkun -blað í möppu | Fá endurgjöf starfsmanna. |
| 17 | Desember | Sýna jólaleikrit | liðkun -blað í möppu | Fá endurgjöf starfsmanna. |
| 18 | Janúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Þorraþræll</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sitt ljóð í heftinu upphátt við púlt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 19 | Janúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Lestur á ljóði úr heftinu við púlt í bekknum | liðkun -blað í möppu | Nemendur gefa hvert öðru jafningjamat út frá matsblaði. |
| 20 | Janúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Þorraþræll</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa ljóð að eigin vali upphátt við púlt fyrir |

| | | | | |
|----|---------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| | | | | kennara, fá endurgjöf. Þorraþrállinn er tekin fyrir tvisvar í röð til að æfa fyrir þorrablótið. |
| 21 | Janúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Lestur á ljóði að eigin vali við púlt í bekknum | liðkun -blað í möppu | Nemendur gefa hvert öðru jafningjamat út frá matsblaði. |
| 22 | Febrúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Fjallganga</i> (ekki endilega allt ljóðið) | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa sitt ljóð í heftinu upphátt við púlt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 23 | Febrúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Samlestur | liðkun -blað í möppu <i>Hæverska</i> | Nemendur teknir fram, einn í einu og lesa ljóð að eigin vali upphátt við púlt fyrir kennara, fá endurgjöf. |
| 24 | Febrúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Æfing með ræðupúlti og hljóðnema, (skemill?) | liðkun -blað í möppu | Upphitun fyrir keppni innan bekkjarins. Allir lesa einn af textunum sínum. |
| 25 | Febrúar | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Keppnin með ræðupúlti og hljóðnema, (skemill?) | liðkun -blað í möppu | Keppni innan bekkjarins. Uppskeruhátíð í bekknum. |
| 26 | Mars | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Æfing með ræðupúlti og hljóðnema, (skemill?) | liðkun -blað í möppu | Æfing með aðal- og varamönnum Allir lesa sinn texta í heftinu og fá endurgjöf |

| | | | | |
|----|------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 27 | Mars | <ul style="list-style-type: none"> - Liðka talfærin - Æfing með ræðupúlti og hljóðnema, (skemill?) | liðkun -blað í möppu | Æfing með aðal- og varamönnum Allir lesa sín ljóð, bæði í heftinu og frjálst val og fá endurgjöf |
|----|------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Birt með fyrirvara um breytingar.

7.2 Sjálfsmat og jafningjamat nemenda

Eftirfarandi matsrammar eru viðmið og gert ráð fyrir að línun sé fjölgað eftir því sem þurfa þykir til að henta hverjum nemendahópi.

Vinur er sá er til vamma segir

Verið sanngjörn og hlutlaus, hjálpum hvert öðru að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Merkið við eftir upplestur 1 - 2 - 3,

mjög gott: 3

gott: 2

þarfnast þjálfunar: 1

Metum aðeins **tvö** atriði í hvert skipti til að halda óskiptri athygli á meðan á lestri stendur.

Atriði sem þarf að meta í vetur.

Í matskvarðanum er notað það orðalag sem okkur er tamara í daglegu tali en í svigunum er orðalagið sem notað er á matsblöðunum frá Röddum, en unnið er eftir því í keppninni sjálfri. Uppsetningin er svona til að auka orðaforða ykkar og þið þurfið ekki að spyrja hvað orðin þýða í hvert skipti sem við metum.

- Lítur upp (samskipti við áhorfendur)
- Viðeigandi áherslur (blæbrigði og túlkun)
- Líkamsstaða (líkamsstaða)
- Hæfilegur hraði (tími og þagnir)

- Góð tónhæð (raddstyrkur)
- Réttur framburður (framburður) (Baldur Sigurðsson, 2006).

Sjálfsmat

Hvernig stóð ég mig í upplestrinum, texti

| Nafn | Dagsetning | Hæfilegur hraði | Líkamsstaða |
|------|------------|-----------------|-------------|
| | | | |

Jafningjamat

Hvernig stóðu félagar mínir sig, texti

| Nafn | Dagsetning | Hæfilegur hraði | Líkamsstaða |
|------|------------|-----------------|-------------|
| | | | |
| | | | |

Sjálfsmat

Hvernig stóð ég mig í upplestrinum, ljóð 1

| Nafn | Dagsetning | Heyrist vel | Réttur framburður |
|------|------------|-------------|-------------------|
| | | | |

Jafningjamat

Hvernig stóðu félagar mínir sig, ljóð 1

| Nafn | Dagsetning | Heyrist vel | Réttur framburður |
|------|------------|-------------|-------------------|
| | | | |
| | | | |

Sjálfsmat

Hvernig stóð ég mig í upplestrinum, ljóð 2

| Nafn | Dagsetning | Lítur upp | Viðeigandi áherslur |
|------|------------|-----------|---------------------|
| | | | |

Jafningjamat

Hvernig stóðu félagar mínir sig, ljóð 2

| Nafn | Dagsetning | Lítur upp | Viðeigandi áherslur |
|------|------------|-----------|---------------------|
| | | | |
| | | | |

7.3 Samantekt á sjálfsmati og jafningjamati

Eftirfarandi matsrammar eru viðmið og gert ráð fyrir að línum sé fjölgað eftir því sem þurfa þykir til að henta hverjum nemendahópi.

Það getur verið áhugavert fyrir kennara að gera samantekt á því hvernig nemendur meta sjálfan sig og hvern annan. Niðurstöðurnar geta gefið tilefni til umræðna um að vera sanngjarn og samkvæmur sjálfum sér.

Sjálfsmat

Hvernig stóð ég mig í upplestrinum, texti

| Nafn | Dagsetning | Hæfilegur hraði | Líkamsstaða |
|------|------------|-----------------|-------------|
| | | | |
| | | | |

Jafningjamat

Hvernig stóðu félagar mínir sig, texti

| Nafn | Dagsetning | Hæfilegur hraði | Líkamsstaða | Hver metur? |
|------|------------|-----------------|-------------|-------------|
| | | | | |
| | | | | |

Sjálfsmat

Hvernig stóð ég mig í upplestrinum, ljóð 1

| Nafn | Dagsetning | Heyrist vel | Réttur framburður |
|------|------------|-------------|-------------------|
| | | | |
| | | | |

Jafningjamat

Hvernig stóðu félagar mínir sig, ljóð 1

| Nafn | Dagsetning | Heyrist vel | Réttur framburður | Hver metur? |
|------|------------|-------------|-------------------|-------------|
| | | | | |
| | | | | |

Sjálfsmat

Hvernig stóð ég mig í upplestrinum, ljóð 2

| Nafn | Dagsetning | Lítur upp | Viðeigandi áherslur |
|------|------------|-----------|---------------------|
| | | | |
| | | | |

Jafningjamat

Hvernig stóðu félagar mínir sig, ljóð 2

| Nafn | Dagsetning | Lítur upp | Viðeigandi áherslur | Hver metur? |
|------|------------|-----------|---------------------|-------------|
| | | | | |
| | | | | |

7.4 Upphitunaræfingar

Bekkurinn gerir æfingarnar saman í kór, kennarinn stendur fyrir framan og er „hljómsveitarstjóri“, það þjappar hópnum að fíflast og hlæja saman. Ekki er nauðsynlegt að gera allar æfingarnar alltaf en að lágmarki 5 fyrir hvern upplestrartíma. Gerum allar æfingar alltaf með eins ýktum hreyfingum og hljóðum og við getum.

- Andvarpa hressilega, með hljóðum.
- Geispa og teygja vel úr sér.
- Puðra - frýsa.
- Þefa af ímynduðu blómi.
- Kyssa/brosa - stútur/bros út að eyrum, endurtaka nokkrum sinnum; kyssa/brosa - kyssa/brosa.
- Endurtaka saman í kór og nota mjög ýktar hreyfingar munnsins: a-au, ma-mau, e-ú, ne-nú, i-ö, hi-hö, é-u, lé-lu, ei-á, nei-ná, ey-u, sey-su, í-ú, mí-mú.
- Teygja tunguna upp á nef og niður á höku.
- Sveifla tungunni á milli munn vika, fyrst hægt og síðan hraðar og hraðar.
- Sveigja tunguna til skiptis efst á bakhlið framtannanna í efri góm og neðst á bakhlið framhlið tanna í neðri góm.

- Ýta tungunni fast út í kinnarnar til skiptis.
- Smella í góm, reyna að smella lag, allir í takt.
- Blása kinnarnar vel upp.

7.5 Öndunaræfingar

Æfingarnar hér á eftir eru úr bók Hrafnhildar Sigurðardóttur og Unnar Örne Jónsdóttur (2016, bls. 22, 23, 29) *Hugarfrelsi Kennsluleiðbeiningar*.

7.5.1 Blöðruöndun

Nemendur liggja og ímynda sér að þeir séu með blöðru í maganum sem blæs upp eða tæmist eftir inn og út öndun. Hægt er að gera þessa æfingu sitjandi með slakar axlir en þá er ekki eins auðvelt að finna blöðruna.

- Hafðu hendur á maganum til að finna hvernig blaðran stækkar og minnkar í takt við andardráttinn.
- Dragðu andann rólega inn um nefið eins djúpt og þú getur, finndu hvernig blaðran blæs upp og höndin lyftist.
- Andaðu hægt frá þér út um munninn, finndu hvernig blaðran leggst saman og höndin færir neðar.

Endurtakið a.m.k. þrisvar sinnum.

7.5.2 Sápukúluöndun

- Dragðu andann djúpt inn um nefið eins og þú sért að fara að blása sápukúlur.
- Myndaðu stút með vörunum og blástu rólega út eins og þú værir að blása sápukúlur.
- Horfðu á ímynduðu sápukúlurnar.

Endurtakið a.m.k. þrisvar sinnum.

7.5.3 Talningaröndun

Nemendur liggja eða sitja með slakar axlir.

- Dragðu djúpt og rólega andann og teldu hægt: einn, tveir, þrír, fjórir.

- Haltu niðri í þér andanum og teldu hægt: einn, tveir, þrír, fjórir.
- Andaðu hægt frá þér og teldu: einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, sjö, átta.

Endurtakið a.m.k. fimm sinnum.

7.6 Sjálfstraustsæfingar

Helgi Grímsson skólastjóri Sjálandsskóla, tók saman fyrir nokkrum árum hefti (e.d.), sem er aðgengilegt á netinu, með alls kyns leikjum sem henta nemendum á öllum aldri. Leikirnir hér eru teknir þaðan nema annað sé tekið fram (Helgi Grímsson, e.d.).

7.6.1 Með stæl

Leikinn er hægt að leika hvort heldur sem er úti eða inni og hentar hann öllum aldri. Þátttakendur þurfa að vera að lágmarki 6 svo hægt sé að mynda hring.

Þátttakendur standa í hring. Síðan stíga þeir hver á eftir öðrum inn í hringinn og segja nafnið sitt með „stæl“ – (raddblær og hreyfing) og stígur svo út úr hringnum. Hinir herma eftir með sama stæl þar til allir hafa kynnt sig.

7.6.2 Að kynna félag

Hér er gott að hafa blað og blýant með til að skrifa minnisþunkta. Unnið er í pörum og tekur kennarinn þátt ef nemendahópurinn stendur á oddatölu. Þátttakendur fá u.þ.b. 3 mínútur til þess að taka örstutt viðtal (nafn, fæðingardagur, uppáhalds eitthvað, fjölskylda, gæludýr eða annað sem þeim dettur í hug). Kennarinn passar tímann og gefur merki þegar skipt er um hlutverk. Báðir aðilar hafa þá grunnupplýsingar um félagann sem þeir kynna síðan fyrir hinum í hópnum í stuttu máli.

7.6.3 Hvað eigum við sameiginlegt?

Leikinn er hægt að leika hvort heldur sem er úti eða inni og hentar hann öllum aldri. Hópastærð a.m.k. 6, því fleiri því betra. Kennari er búinn að ákveða spurningar sem hann spyr hópinn, þeir sem hafa rétt svör við spurningunni stíga þá fram eða inn í hringinn ef þannig er raðað upp. Spurningarnar geta verið um allt milli himins og jarðar; áhugamál, uppáhalds hljómsveit eða fótboltið, búsetu, röð í fjölskyldu eða annað sem kennarinn vill nýta til að sýna fram á að hópurinn eigi fleira sameiginlegt heldur en þau grunar.

7.6.4 Mólekúlaleikur (býflugnaleikur)

Hér þarf tæknibúnað til að spila tónlist. Leikurinn hentar öllum aldri og þarf lágmark 6. Þátttakendur dreifa sér um afmarkað svæði. Kveikt er á tónlistinni og hreyfa þátttakendur sig um í rýminu á meðan. Þegar slökkt er á tónlistinni kallar kennarinn tölu og þá eiga þátttakendur að mynda hópa sem samanstanda af þeirri tölu („5” – fimm þátttakendur hóp sig saman). Ef of margir eru í hópi eða of fáir eru allir í hópnum úr. Hér gefst gott tækifæri til umræðna að leik loknum, t.d. útilokun og að fórna sér fyrir hópinn. Er einhver beðinn um að fara eða bauðst einhver til að fara svo að talan væri rétt? Kaus hópurinn að allir væru úr leik frekar en að fórna einum liðsmanni, eru það „eðlileg“ viðbrögð; af hverju og/eða af hverju ekki.

7.6.5 Bókakynning

Nemendur koma upp í ræðupúlt og segja frá bók sem þeir hafa lesið, einnig er hægt að segja lítillega frá höfundinum. Þá er hægt að hafa einungis höfunda kynningu. Önnur útfærsla er að draga miða um umræðuefni. Þá getur verið gaman að koma með smá hlut að heiman og segja frá honum í nokkrum orðum. Allar þessar kynningar þurfa að vera fyrir fram ákveðnar svo að nemendurnir hafi tíma og tækifæri til að æfa sig. Með því að einungis nokkrir nemendur komi upp á hverjum degi ættu flestir að geta setið og hlustað á félagu sína. Þegar allir hafa komið fram má byrja upp á nýtt með önnur kynningarefni.

7.7 Textar til samlestrar

Þessar vísur er gott að lesa saman til að fá tilfinningu fyrir hrynjanda málsins. Þó að númerin vísi alla jafna í lesara 1, 2, 3 og þar fram eftir götunum er ekkert sem mælir á móti því að það séu nokkrir sem lesa í einu hverja vísu saman á meðan hópurinn venst því að lesa upp og láta röddina hljóma. Síðan er hægt að leika sér með skiptinguna eftir hentugleikum og stemningunni innan hópsins. Kórlestur hentar mjög vel til að gefa þeim nemendum rödd sem alla jafna eru ekki tilbúnir til að lesa upphátt. Þá styrkir hann vitund nemenda fyrir hrynjanda, framburði og hraða þar sem helstu markmið hans eru flutningur og ánægja auk náms (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 164-165).

Flestar þær vísur og stökur sem hér fara á eftir eru gamlar og með orðum sem nemendum eru ekki töm, því þarf að fara yfir þær og útskýra það sem upp á vantar til að auka orðaforða og skilning.

7.7.1 Mánaðapula

Höfundur: Kristján Hreinsson

Tillaga að lestri: Hópnum skipt í tvennt og hóparnir lesa til skiptis en allur hópurinn saman í talkórnum. Einnig gætu ákveðnir nemendur alltaf myndað talkórinn eða eingöngu verið með í talkórnum.

1 Janúar er jökulkaldur,
hann jafnan geymir mikinn snjó,
í myrkri er að mörgu valdur
og mönnum gefur kyrrð og ró.

2 Og febrúar svo ferskur lætur
hér fannir liggja yfir jörð
og storma koma kaldar nætur
með klakabönd og frostin hörð.

1 Hann mars er á marga vegu
magnaður um nokkra hríð
og stormaöflin ótrúlegu
hér enda langa vetrarhríð.

**Allir: Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

2 Og apríl kemur oft með blíðu
og eyrun greina fuglasöng
er sólarljósið sendir þýðu
þá sést að dægrin verða löng.

1 Hann maí fær gjarnan góða dóma,
hann getur verið afar hlýr
þá fær að vakna fjöldi blóma
með fegurð sem í jörðu býr.

- 2 Og júní kemur hér með hlýju
með honum tekur birtan völd,
og okkur gleðja enn að nýju
hin yndislegu sumarkvöld.

**Allir: Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

- 1 Í júlí ilmar allt af blóma
og urtir landsins stækka fljótt,
þá fuglasöng við heyrum hljóma
um hlýja, bjarta sumarnótt.
- 2 Og ágúst, hreinn og undurfagur
fær endað bjarta sumartíð
en þó að stöðugt styttist dagar
um stund hér vakna öflin blíð.
- 1 Í september fer senn að dimma
og sólin lækkar flugið þá
um fjöllin læðist frostið grimma
en fegurð haustsins víst má sjá.

**Allir: Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.**

- 2 Í október því yndi líkur
sem okkur veitti sumartíð
og brátt um landið fönnin fýkur
með frost og dökka vetrarhríð.
- 1 Og nóvember með dimma daga
og dulúð boðar kyrrð og frið,
þá birtist lífsins ljúfa saga
þótt langur vetur taki við.
- 2 Í desember í dökkum skugga
svo dásamleg við eigum jól
og þegar frostrós grær á glugga
við getum séð að hækkar sól.

Allir: Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.2 Þorraþrællinn 1866

Höfundur: Kristján Jónsson

Uppsetningin á ljóðinu er óhefðbundin til að hægara sé að skipta því á milli lesara.

I Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.

Yfir laxalóni
liggur klakaþil.
Hlær við hríðarbyl
hamragil.

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnar steinum á,
yggld og grett á brá.

Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn
hásetinn.

II Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.-

Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél
yfir móa og mel,
myrkt sem hel.“

Bóndans býli á
 björtum þeytir snjá.
 Hjúin döpur hjá
 honum sitja þá.

Hvítleit hringaskorðan
 huggar manninn trautt:
 Brátt er búið autt,
 búið snautt.

III Þögull Þorri heyrir
 þetta harmakvein,
 en gefur grið ei nein,
 glíkur hörðum stein,

Engri skepnu eirir,
 alla fjær og nær
 kuldaklónum slær
 og kalt við hlær:

„Bóndi minn þitt bú
 betur stunda þú.
 Hugarhrelling sú,
 er hart þér þjakar nú,

Þá mun hverfa, en fleiri
 höpp þér falla í skaut.
 Senn er sigruð þraut,
 ég svíf á braut.“ (Kristján Jónsson, e.d., bls. 109-110).

Orðskýringar

Kári: vindurinn.

Hvítleit hringaskorðan: náföl húsfreyjan (hringaskorða er sú sem hringurinn er festur á).

Trautt: varla.

Glíkur: líkur, notað hér fyrir bragarhátinn.

7.7.3 Orð

Höfundur: Þórarinn Eldjárn

| | |
|--------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Tveir lesarar: | Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum |
| (fleiri bætast við) | Orð sem við þyljum orð sem við skiljum. |
| (fleiri bætast við) | Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli. |
| (fleiri bætast við) | Orð í borgum orð á torgum. Orð sem við orgum orð í sorgum. |
| (fleiri bætast við) | Orðahlátur orðagrátur. orðagátur orðaslátur |
| (fleiri bætast við) | Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga. |
| (allur hópurinn) | Orð í straumi orð í flaumi. Orð í laumi orð í draumi. |
| (allir lesa sterkar með hverri línu) | Orð í orði orð á borði orð af orði ORÐAFORÐI |

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.4 Ekki stunda einelti

Höfundur: Kristján Hreinsson

Tillaga að lestri: einn eða fleiri lesa hverja línu til skiptis í hverri vísu en allur hópurinn saman í talkórnum. Einnig gætu ákveðnir nemendur alltaf myndað talkórinn eða eingöngu verið með í talkórnum.

Hið góða leynist gjarna í
gleði vinafunda,
en einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

Stundum vilja strákar fá
að stríða eða meiða
og vekja öllum hinum hjá
hryllilegan leiða.

Og stundum vilja stelpur helst
stríða minni máttar
en virkilega vont það telst
þær verða ekki sáttar.

Talkór:

Hjá okkur lifir hugsun hlý,
við höfum margt að dunda,
en einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

Við erum stundum óþekk hér,
við illa viljum láta
en það er sárt og þraut það er
ef þurfa börn að gráta.

Og auðvitað er ekki fínt
ef okkur meiða hinir,
en gott er það að geta sýnt
að góðir eru vinir.

Talkór:

Yndið fagra enn á ný
í okkur þarf að blunda,
en einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

Ef einum virðist vera kalt
við veitum honum hlýju
og viljum helst að yndið allt
hér eignist hann að nýju.

Við getum ekki aðra dæmt
inn í kaldan skugga.
Ef lífið er hjá einum slæmt
við ættum hann að hugga.

Talkór:

Þótt fylgi okkur ógnarský
Skal áfram veginn skunda.
En einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

Ef einhver krakki einn og sár
með engum verið getur
þá þurfum við að þerra tár
því það mun virka betur.

Þegar bjátar eitthvað á
og einelti við sjáum
við skulum segja fólki frá
því fegurð helst við þráum.

Talkór:

Hið góða leynist gjarna í
gleði vinafunda,
en einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.5 Kurteisi

Höfundur: Kristján Hreinsson

Tillaga að lestri: Einn eða fleiri lesa hverja línu til skiptis í tveimur fyrstu vísunum en allur hópurinn saman í síðustu vísunni. Einnig gætu ákveðnir nemendur eingöngu verið með í síðustu vísunni.

Ef er ég í einhverjum vafa
og erfið mér kurteisin finnst
þá vil ég í hávegum hafa
þá hugsun sem kostar mig minnst.

Ég sé það ef hógværð ég safna
og samviskan er ekki blind
og hugsun mín hlýtur að dafna
í háttvísri birtingarmynd.

Þótt fjöldanum finnist það skrytið,
þá frábært ég jafnan það tel,
að kurteisi kostar svo lítið
en kemur sér alls staðar vel.

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.6 Vinátta

Höfundur: Kristján Hreinsson

Tillaga að lestri: Einn eða fleiri lesa hverja línu til skiptis í tveimur fyrstu vísunum en allur hópurinn saman í síðustu vísunni. Einnig gætu ákveðnir nemendur eingöngu verið með í síðustu vísunni.

Vinur þér með visku kann
að veita tryggð og festu,
gæska þín skal gleðja hann
og gjafir þínar bestu.

Í vindi er þinn vinur skjól
og von á slæmum degi,
í kulda er hann eins og sól
með yl á þínum degi.

Vinur kann að sýna sátt,
hann sorgir læknað getur.
Þú veist að þegar vin þú átt
þá virkar lífið betur.

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.7 Hæverska

Höfundur: Kristján Hreinsson

Tillaga að lestri: Einn eða fleiri lesa hverja línu til skiptis í tveimur fyrstu vísunum en allur hópurinn saman í síðustu vísunni. Einnig gætu ákveðnir nemendur eingöngu verið með í síðustu vísunni.

Mikið gortar heimskur haus
og hæverskunni gleymir
en hinn er yfirlætislaus
sem lífsins fegurð geymir.

Flestir vilja forðast last
er fíflin visku týna
en hæversk vera heldur fast
í helstu kosti sína.

Já, margur sýnir brosið bjart
í býsna góðum málum
því hæverskan er hugarskart
sem hæfir fögrum sálum.

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.8 Blíðlyndi

Höfundur: Kristján Hreinsson

Tillaga að lestri: Einn eða fleiri lesa hverja línu til skiptis í tveimur fyrstu vísunum en allur hópurinn saman í síðustu vísunni. Einnig gætu ákveðnir nemendur eingöngu verið með í síðustu vísunni.

Með blíða lund hér búum við
sem börn hjá lífsins vegi,
göngum áfram, hlið við hlið
og heilsum nýjum degi.

Ef leggst í dvala lundin blíð
og ljósið er á förum
þá biðjum við um betri tíð
með bros á okkar vörum.

Hver hugur syngur lífsins lag
sem lofað öll við fáum
því andleg snerting er í dag
það eina sem við þráum.

(Ingibjörg Einarsdóttir, 2019).

7.7.9 Fjallganga

Höfundur: Tómas Guðmundsson

Uppsetningin á ljóðinu er óhefðbundin til að hægara sé að skipta því á milli lesara.

I

Urð og grjót.
Upp í mót.
Ekkert nema urð og grjót.

Klífa skriður.
Skríða kletta.
Velta niður.
Vera að detta.

Hrufla sig á hverjum steini.
Halda, að sárið nái beini.

Finna, hvernig hjartað berst,
holdið merst
og tungan skerst.

Ráma allt í einu í Drottin:
„Elsku Drottinn,
núna var ég nærri dottinn!

Þér ég lofa því að fara
þvílíkt aldrei framar, bara
ef þú heldur í mig núna!“

Öðlast lítinn styrk við trúna.
Vera að missa vit og ráð,
þegar hæsta hjalla er náð.

II

Hreykja sér á hæsta steininn.
 Hvíla beinin.
 Ná í sína nestistösku.
 Nafn sitt leggja í tóma flösku.

Standa aftur upp og rápa.
 Glápa.
 Rifja upp
 og reyna að muna
 fjallanöfnin:
 náttúruna.

Leita og finna
 eitt og eitt.
 Landslag yrði
 lítils virði,
 ef það héti ekki neitt.

III

Verða kalt, er kvöldar að.
 Halda seint og hægt af stað.
 Mjakast eftir mosatónum.
 Missa hælinn undan skónum.

Finna sig öllu taki tapa:
 Hrapa!
 Velta eftir urð og grjóti
 aftur á bak og niður í móti.

Leggjast flatur.
 Líta við.
 Horfa beint í hyldýpið.

Hugsa sér,
 að höndin sleppi.
 Hugsa sér,
 að steinninn skreppi.

Vita við sér urðir taka.
 Heyra í sínum beinum braka.
 Deyja, áður en dagur rynni.
 Finnast ekki einu sinni.

IV

Koma heim og heita því
að leggja aldrei upp á ný.
Dreyma margar næstu nætur
hrap í björgum, brotna fætur.

Segja löngu seinna frá því:
„Sjáiði tindinn, þarna fór ég!

Fjöllunum ungur eiða sór ég,
enda gat ei farið hjá því,
að ég kæmist upp á tindinn.

Leiðin er að vísu varla
vogandi nema hraustum taugum,
en mér fannst bara
bezt að fara
beint af augum

því hversu mjög sem mönnum finnast
fjöllin há, ber hins að minnast
sem vitur maður mælti forðum
og mótaði í þessum orðum,

að eiginlega er ekkert bratt,
aðeins mismunandi flatt“. (Tómas Guðmundsson, e.d. bls. 227-229).

7.8 Tungubrjótur, æfingar

Æfum okkur að segja þessar setningar saman til að fá tilfinningu fyrir framburðinum, fyrst hægt og svo hraðar og hraðar. Auk þess sem þessar æfingar eru góðar til að læra að taka sjálfan sig ekki of hátíðlega og tappa af spennu í hópnum.

7.8.1 Tungubrjótur 1

Það fer að verða verra ferðaveðrið

Þríbrotin blýkringla

Frank Zappa í svampfrakka

Grillið glamraði

7.8.2 Tungubrjótur 2

Stebbi stóð á ströndu

og var að troða strý,

strý var ekki troðið,

nema Stebbi træði strý.

Eintreðu Stebbi strý,

tvítreður Stebbi strý,

þrítreður Stebbi strý,

fjörtreður Stebbi strý.

7.8.3 Tungubrjótur 3

Petrína prjóna pantaði pakka af pulsum frá Pétri og Páli.


Ef Petrína prjóna pantaði pakka af pulsum frá Pétri og Páli,


hvar er þá pulsupakkinn sem Petrína prjóna pantaði frá Pétri og Páli?

7.9 Greinarmerkin veggspjald

Prentað út í A3 til að hengja upp í stofunni en í A4 til að setja í möppu nemenda.

Greinarmerkin og góður lestur

● Röddin ↓ og við  og gerum öndunarhlé.

! Röddin ↑ og við  og gerum öndunarhlé.

? Röddin ↓ eða ↑ og við  og gerum öndunarhlé.

,  og  örstutt áður en við klárum setninguna.

„“ Leiklesið!

(Greinarmerkin hvernig hjálpa þau lestrarlaginu?, 2020).

7.10 Ýmis góð ráð til að muna eftir

Hægt er að prenta hvern kafla út fyrir sig og setja í möppu lesara.

7.10.1 Mikilvæg atriði fyrir upplesara

Temjum okkur góðar vinnureglur strax þá er auðveldara að muna eftir þeim þegar á hólminn er komið og það minnkar stress.

1. Líkamsstaða

- ✓ beinn í baki
- ✓ standa vel í báða fætur
- ✓ ekki hanga á ræðupúltinu
- ✓ gefa sér tíma til að draga djúpt andann við ræðupúltið áður en lestur hefst
- ✓ gefa sér tíma til að klára að lesa áður en farið er frá ræðupúltinu

2. Raddstyrkur

- ✓ ekki of hátt
- ✓ ekki of lágt

3. Framburður

- ✓ bera vel fram öll hljóð í orðum
- ✓ passa vel uppá sérhljóðana

4. Tími og þagnir

- ✓ lesa á hæfilegum hraða
- ✓ muna eftir greinarmerkjunum

5. Blæbrigði og túlkun

- ✓ vera meðvitaður um textann
- ✓ láta blæbrigði samræmast textanum
- ✓ passa að oftúlka ekki

6. Samskipti við áhorfendur

- ✓ líta upp öðru hvoru
- ✓ passa að týna ekki línunni við það
- ✓ líta upp að lestri loknum
- ✓ láta ekki áhorfendur trufla sig

Æfa sig að lesa textann upphátt og fá leiðbeiningar.

7.10.2 Talvenjur

Umhugsunarefni fyrir upplesara, fyrst er að læra að þekkja vandamálið og síðan að leysa það.

1. Tala ég of hratt?
2. Tala ég áberandi hátt og hveltt?
3. Tala ég stundum tilgerðarlega?
4. Hreyfi ég tungu, varir og kjálka nægilega þegar ég tala, verða orð mín máttleysisleg og þvogluleg og erfitt að skilja þau?
5. Er ég oft beðin um að endurtaka orð mín í samtali?
6. Tala ég með tilbreytingarlausri röddu?
7. Tala ég stundum með mat, sælgæti eða tyggigúmmí í munninum?
8. Hættir mér til að nota blótsyrði?
9. Nota ég óþarflega mikið áhersluorð eins og „æðislegt, hræðilegt, geggjað svakalegt“ þegar þau eiga ekki við?
10. Nota ég mikið merkingarlaus innskot og hikorð eins og „sko“, „hérna“, „þarna“, „nefnilega“, „bara“, „svo“, „skilurðu“ „nákvæmlega“, „heldur betur“ og önnur álíka?
11. Hættir mér til að slá fram fullyrðingum í samtali sem ég veit innst inni að fá ekki staðist?
12. Nota ég mikið slettur, afbakanir og erlend orð þegar ég tala?
13. Gríp ég fram í fyrir öðrum í samtali?
14. Þarf ég oft að hvá, (segja „ha“, „hvað meinar þú“ ef ég skil ekki eða heyri ekki rétt)?
15. Nota ég mikið orð sem ég veit að eru ruddaleg, klúr eða óviðeigandi?

Frá fræðslufundi 2019 með Ingibjörgu Einarsdóttur.

7.11 Matsblað dómara á bekkjarkeppni

Matsblað fyrir bekkjarkeppni

Nafn: _____

Matskvarði: 2-4-6-8-10 (2: slakt, 4: sæmilegt, 6: vantar herslumuninn, 8: gott, 10: mjög gott).

Hver plús í matsglugganum táknar tölu á kvarðanum.

| | Umferð 1 | Umferð 2 | Umferð 3 |
|--------------------------|----------|----------|----------|
| Líkamsstaða | +-+----+ | +-+----+ | +-+----+ |
| Raddstyrkur | +-+----+ | +-+----+ | +-+----+ |
| Framburður | +-+----+ | +-+----+ | +-+----+ |
| Tími og þagnir | +-+----+ | +-+----+ | +-+----+ |
| Blæbrigði og túlkun | +-+----+ | +-+----+ | +-+----+ |
| Samskipti við áheyrendur | +-+----+ | +-+----+ | +-+----+ |
| Aðrar athugasemdir | | | |

(Stóra upplestrarkeppnin, e.d.).

Líkamsstaða: Lesari er rólegur og kemur sér vel fyrir, stendur beinn og vel í báða fætur.

Raddstyrkur: Röddin þarf að berast vel til öftustu áheyrenda án þess að vera spennit eða klemmd.

Framburður: Öll orð þurfa að skiljast vel, gerum ráð fyrir eðlilegum brottföllum í sumum orðum, áherslur og tónfall þurfa að vera eðlileg.

Tími og þagnir: Hentar leshraði tilefninu, ekki of hraður, er stoppað við greinarmerki?

Blæbrigði og túlkun: Er lesturinn, áherslurnar og túlkunin í samræmi við textann?

Samskipti við áhorfendur: Lítur lesari upp áður en hann byrjar að lesa, á meðan hann les og að lestri loknum.

Aðrar athugasemdir: Hvað annað sem dómarar vilja punkta hjá sér.

(Baldur Sigurðsson, 2006, bls. 18-19.)

7.11.1 Minnispunktar fyrir dómara

Mikilvægt er að dómara átti sig á hlutverki sínu, sýni því virðingu og taki það alvarlega. Þegar dómara eru valdir er þeim gerð grein fyrir þessum atriðum.

- **Vera mættur tímanlega** og kynna sér vel hvað það er sem á að dæma í fari lesaranna. Fara vel yfir matsblaðið með þjálfaranum svo að allt sé skýrt þegar keppnin hefst. Nemendurnir hafa þjálfað sig út frá þessum atriðum.
- **Er lestur of hraður?** Þá næst minna samband við áhorfendur og textinn getur tapað merkingu sinni.
- **Er lesturinn eintóna?** Eintóna lestur getur verið skýr en hann er ekki áheyrilegur og áherslur missa oft marks.
- **Framburður**, eru sérhljóð óskýr, falla hljóð niður í orði? Eru nemendur með teina sem torveldar tal?
- **Tilgerð**, er lesturinn yfirdrífinn og tilgerðarlegur? Ætlast er til að lesturinn hæfi bæði flytjanda og textanum sem hann flytur.
- **Áhorfendur**, hver af lesurunum nær best til áhorfenda og hrífur þá með sér?
- Vinningshafar ættu að hafa staðið sig best í öllum, eða flestum umferðum. Ef einhver er afgerandi góður í einni umferð er allt í lagi að geta þess í lokin en það ætti ekki að ráða úrslitum.
- Ekki ætti að láta kyn keppenda hafa áhrif á valið.

(Stóra upplestrarkeppnin, 2007).

7.12 Kynningarbréf til foreldra

Bréfið sem sent var út haustið 2023.

Kæru forráðamenn

Til hamingju með að eiga nemanda í 7. bekk.

Eitt af hlutverkum þeirra í vetur verður að æfa sig í upplestri fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

Fast fyrirkomulag hefur verið á þessum æfingum síðan haustið 1996 þegar Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn útbjuggu sérstakt lesefni ásamt matslistum til að vinna eftir.

Gefið er út nýtt efni á hverju ári til að kynna vandaðar íslenskar bækur og ljóð. Æfingaferlið hefst á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og líkur með Héraðshátíð í Fjarðabyggð í febrúar.

Að geta komið fram og tjáð sig áheyrilega á öruggan hátt er hverjum manni mikilvægt, það eflir sjálfstraust og er staðgott veganesti til framtíðar. Líkt og annað sem við viljum ná árangri í gerist slíkt ekki af sjálfu sér og er því mikilvægt að nemendur fái góðan stuðning í skólanum og heima.

Lagt er til að verkaskiptingin sé á þessa leið:

| Hlutverk kennara | Hlutverk nemenda | Hlutverk heimila |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> • Leiðbeina nemendum um vandaðan upplestur, framsögn og framkomu. • Leiðbeina nemendum um að vera góðir áheyrendur. • Gefa öllum tækifæri til að lesa upp í hverri viku. • Látta nemendur aldrei lesa upp án undirbúnings. • Gera alltaf kröfu um listrænan flutning. • Sýna upplesara virðingu eins og listamanni. | <ul style="list-style-type: none"> • Lesa upphátt daglega. • Standa í báða fætur og slaka á. • Vanda framburð og flutning. • Lesa á hæfilegum hraða. • Lesa upp af skilningi. • Gefa sér tíma fyrir þagnir á réttum stöðum. • Líta upp meðan lesið er og alltaf í lokin. • Hugsa um áheyrendur. • Hlusta af athygli þegar aðrir lesa upp. | <ul style="list-style-type: none"> • Hlusta á barnið lesa upp. • Lesa upp fyrir barnið. • Lesa með barninu og spjalla um efnið. • Skipuleggja upplestrarstundir á heimilinu. • Skoða bókaskáp heimilisins með barninu. • Aðstoða barnið við að velja lestrarefni. • Hvetja barnið til að lesa upp af skilningi. • Muna að æfingin skapar meistarann, meistarinn hefur sjálfstraust, og barni með sjálfstraust líður vel. |

| | | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> • Gera upplestrarstundir að ánægjustund. • Stuðla að samstarfi við heimilin um að hlusta á börnin og velja lestrarefni með þeim. | | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|

Nemendurnir fá æfingahefti sem er mjög sambærilegt því sem verður í keppninni í vor þar sem það var notað vorið 2007. Þar er brot úr sögu og nokkur ljóð, þau munu einnig velja sér ljóð að eigin vali til að æfa sig á í vetur. Auk þess sem ýmis önnur lestrarverkefni verða valin. Lestrarstundir verða í skólanum, mis langar, en þó þannig að allir lesi eitthvað upphátt á hverjum degi. Við munum æfa okkur að lesa úr ræðupúlti og að nota míkrófón til að líkja sem best eftir Héraðskeppninni. Nokkrum dögum fyrir Héraðskeppnina í febrúar fáum við í hendur nýtt lesefni. Það kemur með svo skömmum fyrirvara til að allir keppendur hafi jafn stuttan tíma til að kynna sér efnið. En það mun ekki koma að sök þar sem lesarar sem eru vanir að koma fram og lesa upphátt verða fljótir að tileinka sér nýtt efni.

Það er ekkert því til fyrirstöðu að nemendur með lestrarörðugleika eða íslensku sem annað tungumál geti tekið þátt og hefur það sýnt sig í gegnum árin að þeir nemendur vinna ekki síður til verðlauna í lokakeppninni.

Upplestrarkeppnin er engin venjuleg keppni heldur er aðaláherslan lögð á bekkjarstarfið og að fá alla nemendur til að taka þátt. Að nemendur séu fyrst og fremst að keppa við sjálfan sig, að þeir fái notið sín og nái að verða betri og öruggari í dag en í gær. Lærum að njóta þess að hlusta á vandaðan upplestur sjálfum okkur og öðrum til ánægju.

Með von um gott samstarf.

Þura og Wala

7.13 Nokkur orð flutt í upphafi bekkjarkeppni vorið 2024

Stóra upplestrarkeppnin

undankeppni í 7. bekk 1. mars 2024

Góðan dag og verið öll velkomin á undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar.

Krakkarnir hófu undirbúning 16. nóvember á degi íslenskrar tungu eins og venja er til. Síðan hefur verið æft jafnt og þétt í vetur. Það hefur verið mjög gaman að vinna með krökkunum og sjá þau eflast bæði í framkomu og upplestri. Nú er komið að því að velja hver fær að fara fyrir hönd skólans og keppa á Eskifirði 13. mars næstkomandi. Það verða valdir tveir þátttakendur og einn til vara. Dómarar hjá okkur í dag eru:

Lesnar verða þrjár umferðir, fyrst kemur brot úr bókinni *Sjáumst aftur...* eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur, en bókin fékk Íslensku barnabókaverðlaunin 2001. Í annarri umferð verða lesin ljóð eftir Jónas Hallgrímsson, en þetta er efni sem sett var saman fyrir lokahátíðina 2007. Þar sem einungis var um nokkur ljóð að ræða eru óhjákvæmilega nokkrir með sama ljóðið. Í lokaumferðinni verða lesin ljóð að eigin vali sem þau kynna jafnóðum. Við munum láta þetta rúlla eins og gert verður í keppninni á Eskifirði til að keppendur fái sem besta tilfinningu fyrir keppninni.

Ykkar hlutverk, kæru áheyrendur, er að sýna stuðning við skólafélaga ykkar, en það gerið þið best með því að vera góðir hlustendur. Góður hlustandi situr stilltur, með hendurnar hjá sér og talar ekki á meðan að viðburður fer fram. Eitt af því sem metið er hjá nemendum í öllu skólastarfi er að geta: *átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi*. Hér hafið þið tækifæri til að sýna, öll í einu, að þið hafið þessa hæfni. Munið einnig að næsta vor munið þið standa hér, í þessum sporum, sem 7. bekkingar tilbúin að lesa fyrir 6. bekk.

Til að ná samfellu í sögunni sem lesin er í 1. umferð vil ég biðja ykkur áheyrendur góðir um að klappa ekki fyrr en síðasti lesarinn hefur lokið lestri sínum.

Þegar ljóðin verða lesin í 2. og 3. umferð skulið þið endilega klappa á eftir hverjum lesara.

Að því sögðu þakka ég fyrir mig og bið ykkur vel að njóta.